



Framtíðarstefna um samræmt námsmat

Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa.



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sölvhólgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Netfang: mrn@mrn.is

Veffang: www.mrn.is

Unnið af starfshópi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Starfshópin skipaðu: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Margrét Harðardóttir, Þórður Kristjánsson, Helgi Arnarson, Brynhildur Sigurðardóttir, Hjördís Albertsdóttir, Þorvar Hafsteinsson, Eðvald Einar Stefánsson og Sverrir Óskarsson.

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Inngangur	5
1. Um vinnu starfshópsins og niðurstöður samráðs	6
2. Um námsmat og mat á skólastarfi	8
2.1 Lög og reglugerðir	8
2.2 Samræmd könnunarpróf	9
2.3 Innra og ytra mat	9
2.4 Hæfni 21. aldar	10
2.5 Alþjóðleg sjónarmið	10
3. Tillögur starfshópsins um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa	11
3.1 Um tillögurnar	11
3.2 Tillögur ásamt rökstuðningi	12
3.3 Matsferill	15
4. Samræmt námsmat á framhaldsskólastigi	16
5. Lagarammi um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess	17
6. Stutt samantekt yfir samræmd próf í skólakerfum nágrannalanda	19
6.1 Tilgangur samræmdra prófa	19
6.2 Fyrirkomulag samræmdra prófa	19
6.3 Prófbættir	19
6.4 Tegundir prófatriða, uppbygging og tengsl við aðalnámskrá	20
6.5 Rafræn eða á pappír	20
6.6 Birting niðurstaðna og notkun gagna úr samræmdu námsmati	20
6.7 Aðgangur að prófum	20
6.8 Stutt lýsing á samræmdum prófum í sjö löndum	20
7. Niðurlag	22
8. Heimildir	24
Viðauki I: Lesferill	26
Viðauki II: Lykilhugtök	28
Viðauki III: Samantekt yfir stöðluð próf í íslensku skólakerfi	30
Viðauki IV: Mat og eftirlit – Sögulegt yfirlit	32
Viðauki V: Saga formlegra prófa frá fræðsluskyldualdri 1907	34
Viðauki VI: Lög og reglugerðir um samræmd próf – yfirlit	39
Viðauki VII: Gestir á fundum starfshóps	41
Viðauki VIII: Sýnishorn af námsmatsramma	42

Samantekt

Starfshópurinn leggur til að þróað verði heildstætt safn matstækja sem í grundvallaratriðum hafi sama markmið og samræmd könnunarpróf, samkvæmt reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017, og komi í stað þeirra.

Tillögurnar eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Matsferill

Þróað verði heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum undir yfirheitinu *matsferill* sem komi í stað samræmdra könnunarprófa eins og þau eru í núverandi mynd. Áhersla verði á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og valfrelsi skóla til að nýta sér þau, með þeim takmörkunum þó að skólum beri skylda til að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði. Námsmat verði leiðbeinandi og komi sem best til móts við fjölbreytta kennsluhætti þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat með markvissar umbætur að leiðarljósi.

2. Samráðshópur

Myndaður verði samráðshópur um framkvæmd og fyrirkomulag nýs *matsferils* og hafi hópurinn einkum það hlutverk að rýna og koma með athugasemdir eða tillögur til breytinga á þróun, ferli og fyrirkomulagi allra prófa og verkefna í *matsferlinum*.

3. Prófagluggi

Gefinn verði kostur á sveigjanlegri fyrirlögn prófa í *matsferlinum*. Hugtakið *opinn prófagluggi* hefur verið notað í því samhengi. Slíkur sveigjanleiki er til þess fallinn að dreifa og draga úr álagi, bæði á matsstofnun og skólastarfið sjálft.

4. Starfsþróun kennara

Til að tryggja sem best umbætur í kjölfar mats verði áhersla lögð á ráðgjöf og leiðsögn. Í því sambandi verði veittur öflugur stuðningur við starfsþróun kennara og stjórnenda sem auki hæfni þeirra til að nýta niðurstöður námsmats.

5. Birting niðurstaðna

Birting niðurstaðna úr matsferlinum taki fyrst og fremst mið af þörfum nemenda. Aðgangur að niðurstöðum verði vel skilgreindur og miðað við að hann nýtist í umbótaskyni. Hver skóli hafi fullan aðgang að eigin niðurstöðum, hvert sveitarfélag að niðurstöðum sinna skóla og ráðuneyti að þeim niðurstöðum sem það telur sig þurfa um skólakerfið í heild.

6. Námsmatsrammi

Skilgreindur verði námsmatsrammi sem veiti ítarlegar upplýsingar um markmið og hlutverk alls skipulagðs námsmats á mismunandi skólastigum. Með því móti deili allir sömu sýn á tilgang námsmats og tímasetningar þess, birtingu niðurstaðna og í hvaða röð ólíkir námsþættir eru kannaðir.

Starfshópurinn telur tillögurnar til þess fallnar að auka gæði námsmats, gagnaöflunar og greiningar á lykilþáttum og umbótum fyrir skólakerfið í heild og að þær tryggi betur en núverandi kerfi gagnsemi niðurstaðna meðal haghafa hvar sem er í kerfinu. Þá skapist með breyttu fyrirkomulagi mikilvægir möguleikar, meðal annars við innra námsmat í grunnskólum. Ef vel er að verki staðið muni *matsferill*, það er heildstætt safn matstækja með fjölbreyttum prófum og verkefnum, falla mjög vel að skólastarfi þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og námsmat með umbætur að leiðarljósi.

Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp um samræmd könnunarpróf 16. apríl 2018. Hópnum var falið að vinna *tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*. Í því fólst meðal annars að skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun hans frá 2008. Jafnframt að greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda.

Starfshópin skipuðu:

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir,
formaður, án tilnefningar

Margrét Harðardóttir,
án tilnefningar

Þórður Kristjánsson,
tilnefndur af Sambandi íslenskra
sveitarfélaga

Helgi Arnarson,
tilnefndur af Grunni, félagi fræðslustjóra
og stjórnenda á skólaskrifstofum

Brynhildur Sigurðardóttir,
tilnefnd af Skólalastjórafélagi Íslands

Hjördís Albertsdóttir,
tilnefnd af Félagi grunnskólakennara

Þorvar Hafsteinsson,
tilnefndur af Heimili og skóla

Eðvald Einar Stefánsson,
tilnefndur af Umboðsmanni barna

Sverrir Óskarsson,
tilnefndur af Menntamálastofnun

Í þessari skýrslu er að finna tillögur starfshópsins um fyrirkomulag samræmds námsmats í grunnskólum landsins ásamt greinargerð þar sem fram kemur á hverju þær eru byggðar. Þær eru settar fram í samræmi við þau tilmæli sem hópurinn fékk frá ráðherra í upphafi vinnunnar, meðal annars um að hópurinn skyldi hafa hag nemenda að leiðarljósi og horfa til framtíðar en ekki fortíðar.

Efni skýrslunnar er skipt í nokkra kafla. Í þeim fyrsta er sagt frá vinnu starfshópsins, verklagi og niðurstöðum samráðs. Í öðrum kafla er stutt umfjöllun um námsmat og mat á skólastarfi en fjallað er um lykilhugtök tengd námsmati í viðauka. Tillögur starfshópsins eru settar fram í þriðja kafla. Í fjórða kafla er rætt um samræmd próf í framhaldsskólum. Í næstu tveimur köflum er síðan fjallað um lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og námsmat í nágrannalöndum okkar. Í viðauka má finna efni sem ætlað er að gefa ítarlegri upplýsingar um ýmislegt sem fjallað er um í skýrslunni sjálfri.

Hópurinn leggur til allverulegar breytingar sem taka mun nokkur ár að innleiða að fullu, hljóti tillögurnar brautargengi. Ef svo verður telur hópurinn mikilvægt að unnin verði tímasett framkvæmdaáætlun og áætlun um innleiðingu breytinganna. Jafnframt þarf þá að vinna vandaða kostnaðaráætlun og tryggja það fé sem til breytinganna þarf.

1. Um vinnu starfshópsins og niðurstöður samráðs

Starfshópurinn kom í fyrsta sinn saman á kynningarfundum sem haldinn var í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 19. júní 2018. Á þann fund voru bæði aðalmenn starfshópsins og varamenn boðaðir en auk þess sátu fundinn ráðherra, ráðgjafi ráðherra og ráðuneytisstjóri. Á fundinum var rætt um hlutverk starfshópsins og þær væntingar sem ráðherra hefði til hans.

Fyrsti vinnufundur starfshópsins var haldinn 29. ágúst 2018 og síðan var fundað nær vikulega þar til niðurstöður lágu fyrir. Auk vinnufunda voru haldnir þrjú samráðsfundir með fólki af vettvangi, þar af einn með ungmennum. Formaður starfshópsins sat einn fund með sérfræðingahópi um framkvæmd og þróun könnunarprófa í grunnskólum.¹ Á vinnufundi starfshópsins mættu eftirfarandi gestir: Amalía Björnsdóttir, Arnór Guðmundsson, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Inga Úlfsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Sigurður Konráðsson, Sigurgrímur Skúlason og Ýr Þórðardóttir.² Auk þess var starfshópnum boðið að sitja fund með starfsfólki Menntamálastofnunar þar sem Tim Oates, sérfræðingur hjá Cambridge Assessment í Bretlandi, fjallaði um samræmt námsmat.

Áfangaskýrsla var skilað í mennta- og menningarmálaráðuneytið í lok nóvember 2018. Hún var aðgengileg á opinni síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins ásamt öllum fundargerðum og efni frá samráðsfundum.

Í samtölum við gesti á fundum með starfshópnum kom margt fram sem samstaða virtist ríkja um. Meðal þess var almenn óánægja með opinbera umfjöllun um niðurstöður prófanna þar sem einstakir skólar og sveitarfélög eru borin saman. Samstaða var um þörf fyrir einhvers konar opinbert eftirlit með

árangri og gæðum skóla en hins vegar mátti greina töluverðar efasemdir um að samræmd könnunarpróf væru almennt heppileg tæki til slíks. Gagnrýnt var að sama stofnun sæi um framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa, eftirlit með gæðum þeirra og framkvæmd og einnig með gæðum skólastarfs. Ytra mat var talið geta verið hentugt til að meta skólastarf ef það væri vel útfært. Samstaða var um að ekki ætti að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa í grunnskóla sem inntökupróf í framhaldsskóla. Bent var á að slæmt væri að hafa próf í stærðfræði rafræn en annars virtist ríkja sátt um að æskilegt væri að þróa rafrænt námsmat. Matstækið *Lesferill* kom mjög oft til tals og var það almennt tekið sem dæmi um hentuga leið til námsmats. Nokkrir bentu á að ekki væri æskilegt að leggja fyrir rafrænt samræmt könnunarpróf í 4. bekk en einnig var dregið í efa að niðurstöður samræmds könnunarprófs í 9. bekk kæmi nemendum að gagni.

Lesferill

Lesferill er heiti á heildstæðu safni matstækja sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga, bæði innan og utan stofnunarinnar. *Lesferli* er ætlað að meta hæfni þriggja til sextán ára nemenda í grunnþáttum læsis; lesfimi, lesskilningi, ritun, orðaforða og málskilningi. Vinna við *Lesferil* hófst í október 2015 og gert er ráð fyrir að hann verði kominn í fulla notkun haustið 2021. Efnið í *Lesferli* er rafrænt, einfalt í fyrirlögn, skólum að kostnaðarlausu og hægt er að velja hvaða próf eru lögð fyrir nemendum á hverjum tíma.

(Sjá nánar í viðauka I.)

¹ Sjá nánar um sérfræðingahópinn á eftirfarandi slóð:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=1610b6e9-431c-11e8-942b-005056bc530c>

² Sjá lista yfir alla þátttakendur á fundum starfshópsins í viðauka VII.

Ein hugur virtist ríkja um að mikilvægt væri fyrir nemendur, kennara og forsjáraðila að hafa aðgang að prófum sem lögð væru fyrir nemendur. Að öðrum kosti nýttust niðurstöður prófanna ekki til leiðsagnarmats líkt og þeim væri ætlað að gera. Sú spurning kom upp hvort Ísland hefði bolmagn til að reka umfangsmikið rafrænt prófakerfi í þeim tilgangi að leggja fyrir samræmd könnunarpróf og hvort það væri þess virði að eyða háum fjárhæðum í að hanna kerfi sem lítil sátt virtist vera um. Þá var bent á að vildu yfirvöld leggja fyrir próf til að afla upplýsinga um skólakerfið nægði að leggja það fyrir tiltekið úrtak í stað þess að leggja próf fyrir heila árganga. Nokkrum sinnum komu fram ábendingar um að fyrirkomulag prófanna ýtti undir kvíða nemenda.

Rætt var um þörf fyrir að efla starfsþróun kennara og að skoða þyrfti hvernig fjallað væri um náms-

mat í kennaranámi. Rannsóknir á skólastarfi hér á landi eru af skornum skammti og margsinnis var bent á mikilvægi þess að huga að úrbótum á því sviði. Í því sambandi kom fram ábending um að í stað þess að leggja fé í rafræn samræmd próf, þróun þeirra, fyrirlögn og úrvinnslu mætti stofna einhvers konar „skólarannsóknardeild“. Hún hefði það hlutverk að halda utan um og bjóða út rannsóknir á frammistöðu og árangri á sviði aðalnámskrár grunnskóla, til dæmis í einu til þremur greinasviðum árlega.

Samræmt mat í framhaldsskólum kom til tals á fundum og rætt var um hvort ástæða væri til að leggja fyrir samræmt mat af einhverju tagi á því skólastigi, ekki síst þegar háskólar leggja í auknum mæli fyrir svokölluð A-próf sem gegna hlutverki inntökuprófa á viss svið háskólans, til dæmis hjúkrunarfræði og læknisfræði.



2. Um námsmat og mat á skólastarfi

Í þessum kafla er í stuttu máli fjallað um námsmat og mat á skólastarfi í þeim tilgangi að byggja grunn fyrir tillögur starfshópsins sem greint verður frá í næsta kafla. Í viðauka II er að finna ítarlegri samantekt um hugtök námsmats sem tengjast efni skýrslunnar.³

Námsmat er umfangsmikið svið innan menntunarfræða og órjúfanlegur þáttur alls skólastarfs. Í grundvallaratriðum byggist námsmat á því að afla upplýsinga um nám nemenda, túlka niðurstöður og setja þær fram á aðgengilegu formi. Ytra og innra mat skóla á sér ekki jafn langa sögu og námsmatið en almennt er talað um að gæðamat á skólum byggist á innra og ytra mati þeirra. Séu matsaðilar starfsmenn í skólanum er talað um innra mat, komi þeir að utan er talað um ytra mat.

2.1 Lög og reglugerðir

Í lögum og reglugerðum er birt stefna um námsmat.⁴ Þar segir meðal annars um markmið þess, tilgang, hlutverk og framkvæmd:

Aðalnámskrá grunnskóla lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara og stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Hún er jafnframt viðmið við samræmt námsmat í grunnskólum, mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla og stefnumörkunar sveitarfélaga. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmið fyrir foreldra svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs, velferð og líðan nemenda. Aðalnámskrá veitir einnig nemendum margháttaðar upplýsingar um skólastarf.

(Sbr. auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár, nr. 760/2011)

- Námsmat er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu og með því fer fram mat á árangri og framförum barna og ungmenna.
- Námsmat á að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verði náð.
- Með námsmati skal fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.
- Námsmatið á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni, með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.
- Matsaðferðir eiga að vera fjölbreyttar og ná að endurspegla margvísleg og ólík markmið skólastarfs.
- Áherslu skal leggja á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna.
- Mikilvægt er að námsmat geti veitt nemendum, foreldrum, kennurum og fræðslufyrirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulag náms til framtíðar.
- Form námsmatsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta.
- Námsmat þarf að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt og standast faglegar kröfur.

Hér er ekki allt upptalið sem segir um námsmat í stefnu yfirvalda en dregið er fram hið umfangsmikla hlutverk námsmats í grunnskólum og mikilvægi þess að vel sé að því staðið. Jafnframt er dregið fram mikilvægi fagmennsku kennara og þekkingar á viðfangsefninu og þeirrar miklu áherslu sem lögð er á leiðbeinandi hlutverk námsmats.

³ Skilgreiningar á hugtökum um námsmat byggjast einkum á eftirfarandi skrifum: Björk Ólafsdóttir, 2016, Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, María Steingrimsdóttir, 2011, OECD, 2013, Rúnar Sigbórsson, 2008, Sigríður Sigurðardóttir, 2016, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2014, og Þóra Björk Jónsdóttir, 2008.

⁴ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011.

2.2 Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði og 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku. Skilgreindur tilgangur samræmdra könnunarprófa⁵ er að veita nemendum, forsjár aðilum og kennurum upplýsingar um stöðu nemenda í viðkomandi námsgreinum auk þess sem þeim er ætlað ákveðið hlutverk við mat á skólakerfinu. Helsti munurinn á samræmdum prófum og öðru námsmati er sá að hægt er að meta stöðu nemenda í öðru samhengi en með námsmati sem notað er innan skóla vegna þess að samræmdum könnunarprófum er ætlað að meta stöðu hvers nemanda í samanburði við jafnaldra á landinu öllu – enda tekin á sama tíma, með sama hætti og við sambærilegar aðstæður. Prófin eiga að byggjast á námsmarkmiðum sem eru tilgreind í aðalnámskrá grunnskóla þar sem lögð er áhersla á kunnáttu, leikni og hæfni nemenda en ekki ákveðin afmörkuð efnisatriði.

Menntamálastofnun fjallar um þetta hlutverk samræmdra prófa á vef sínum en hvetur til varfærni við túlkun á niðurstöðunum þar sem ólík stefna skóla og aðstæður geti haft áhrif á heildarniðurstöður hvers skóla. Þannig geti stærð skóla, þátttökuhlutfall, félagslegur bakgrunnur nemenda, námsforsendur, sértækir námserfiðleikar, færni í íslensku og fleiri þættir gert beinan samanburð á milli skóla óréttmætan. Einnig segir að ýmsir slíkir þættir geti haft áhrif á námsárangur barna og árangur í könnunarprófum sem geri samanburð ósanngjarnan og gefi mögulega ekki rétta mynd af árangursríku starfi skólans.⁶

Í greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að mjög mikil gagnrýni hafi komið fram á framkvæmd samræmdu lokaprófanna. Gagnrýnin sé meðal annars komin til vegna þess hversu mörg ólík hlutverk prófin hafi haft; þau séu bæði lokapróf í ákveðnum greinum sem hafi áhrif á innritun í framhaldsskóla og veiti upplýsingar almennt um hversu vel markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð. Einnig hafi einstakir skólar verið metnir út frá einkunum skólans á samræmdum prófum. Prófin hafi verið

gagnrýnd fyrir að stýra um of skólastarfi, að aðeins sé prófað í bóklegum greinum og þeim atriðum sem auðvelt sé að meta. Erfitt hafi verið að uppfylla öll þessi markmið með prófunum. Hins vegar sé samstaða um að einhvers konar samræmt námsmat sé æskilegt í grunnskólum því nemandinn eigi rétt á að fá kunnáttu sína metna.

2.3 Innra og ytra mat

Fjallað er um innra og ytra mat grunnskóla í lögum og reglugerðum. Þar kemur fram að starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í innra mati grunnskóla eftir því sem við eigi. Upplýsingar um niðurstöður innra mats grunnskóla og umbótaáætlanir skulu birtar opinberlega. Sveitarfélögum sé ætlað að hafa eftirlit með mati og gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og fleira.

Leitast er við að auka gæði skólastarfs með því meðal annars að setja í lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla kafla um mat og eftirlit. Markmið þess er:

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur yfirmsjón með mati og eftirliti með skólahaldi á grunnskólastigi og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um starf í grunnskólum, eftir

⁵ Sjá reglugerð nr. 173/2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla og lög um grunnskóla nr. 91/2008.

⁶ Menntamálastofnun (e.d.). Sótt 12. febrúar 2019 af <https://mms.is/11-nidurstodur-notkun-gagna-og-opinber-birting>.

atvikum hvað varðar einstaka skóla eða tiltekna þætti skólastarfs. Ráðuneytið á að beita sér fyrir könnunum og úttektum sem miða að því að afla þekkingar og vitneskju um framkvæmd laga þessara og skólastarfsið almennt. Þá skal ráðuneytið gera áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir er veita upplýsingar og skapi grundvöll fyrir greiningu á framkvæmd og stöðu skólahalds meðal annars í ljósi markmiða aðalnámskrár og skipuleggja þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknunum.

Með því að ráðuneytið aflar kerfisbundið samanburðarhæfra upplýsinga frá grunnskólum og sveitarfélögum og birtir þær opinberlega ásamt greiningu á stöðu skóla og sveitarfélaga er stuðlað að virku aðhaldi og eftirliti með gæðum skólastarfs.

2.4 Hæfni 21. aldar

Með aukinni áherslu á svokallaða hæfni 21. aldar, til dæmis lýðræðislega virkni, sveigjanleika, frumkvæði, sjálfstæði, félagsfærni, menningarlæsi og tölvufærni, er kallað á breytingar á námsmati. Það á við bæði hér á landi og erlendis.⁷ Menntakerfi er ætlað að undirbúa nemendur betur fyrir daglegt líf, taka mið af samfélagsbreytingum og auka hæfni til að glíma við fjölbreytt verkefni framtíðar. Samhliða möguleikum sem hafa skapast með aukinni tæknivæðingu hefur áhersla menntayfirvalda hér á landi sem og í öðrum vestrænum ríkjum beinst í auknum mæli að því að meta skólastarf með formlegum hætti. Í grein sem birtist í Netlu 2009 fjalla höfundar⁸ um tilgang námsmats og taka í sama streng og margir aðrir⁹ þegar þeir segja að rannsóknir sýni að orðræða um námsmat, framkvæmd þess og stefnumörkun einkennist oft af togstreitu og þversögnum sem lýsi sér í átökum milli ólíkra sjónarmiða. Þar sé einkum um að ræða mismunandi sýn á tilgang námsmats

sem aftur eigi sér rætur í ólíkum hugmyndastefnum á sviði menntamála. Í sömu grein er einnig bent á að ákveðin þversögn einkenni ósjaldan stefnu yfirvalda um námsmat þar sem annars vegar sé hvatt til einstaklingsmiðaðs náms og hins vegar séu allir mældir með sömu stiku.

2.5 Alþjóðleg sjónarmið

Í yfirlitsskýrslu skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) frá 2013, *Synergies for Better Learning. An International Perspective on Evaluation and Assessment*, er fjallað ítarlega um námsmat og ýmsar áskoranir sem við stöndum nú frammi fyrir. Þar segir að flest lönd eigi gagna-grunna um námsmat sem hægt sé að vinna upp úr ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og ályktanir um þróun menntakerfisins. Þær séu meðal annars notaðar í alþjóðlegum samanburði en einnig til að veita fræðslufirvöldum, foreldrum, kennurum, nemendum, og jafnvel fjölmiðlum, upplýsingar. Í skýrslunni er bent á mikilvægi þess að námsmat og mat á skólastarfi sé heildstætt ferli og að niðurstöður séu nýttar til umbóta í skólastarfinu sjálfu, ekki síst til hagsbóta fyrir nemendur. Einnig er lögð áhersla á að ytra mat styðji við bættu kennslu, nám og árangur nemenda og á innra mat skóla sem grundvöll ytra mats.

⁷ Sjá t.d. OECD, 2013, bls. 147 og 151.

⁸ Meyvant Þórolfsson, Ingvar Sigurgeirsson og Jóhanna Karlsdóttir, 2009. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/10874/1/tilgangur.pdf>

⁹ Sjá til dæmis Auði Lilju Harðardóttur, 2017, og Rúnar Sigþórsson, 2008.

3. Tillögur starfshópsins um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa

Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum falið að vinna tillögur að *framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*. Í þessum kafla eru lagðar fram sex tillögur sem byggjast á gagnaöflun þar sem meðal annars voru rýndar erlendar og innlendar rannsóknir, skýrslur, lög, reglugerðir og greinagerðir með lagafrumvörpum. Þær byggjast einnig á samanburði við námsmat í öðrum löndum og sjónarmiðum sem fram komu á samráðsfundum. Starfshópurinn telur þær falla vel að megináherslum í grunnskólalögum frá 2008, aðalnámskrám sem komu út í framhaldi laganna, stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis sem birtist meðal annars í ritinu *Menntun fyrir alla*¹⁰ og ábendingum í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) frá 2013 um námsmat og mat á skólastarfi.

Starfshópurinn leggur áherslu á að þarfir og hagsmunir nemenda verði ávallt hafðir í öndvegi við þróun, framkvæmd, fyrirlögn og úrvinnslu námsmats í grunnskóla. Í því sambandi er vísað til laga og reglugerða um grunnskóla þar sem segir að skólastarf eigi að vera í fyllsta samræmi við stöðu og þarfir nemenda og velferð og menntun hvers og eins. Einnig að foreldrum beri að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau sjálf og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Samkvæmt aðalnámskrá ber að leggja áherslu á þátttöku foreldra í skólastarfi og góð tengsl þeirra við stjórn skóla, kennara og skólasamfélagið.

3.1 Um tillögurnar

Í 3. gr. reglugerðar með lögum um grunnskóla frá 2017 segir að tilgangur samræmdra könnunarprófa sé að:

- athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki hæfniviðmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda,
- veita nemendum, foreldrum, skólum og mennta- yfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr.¹¹

Starfshópurinn dregur ekki í efa mikilvægi þess að afla nauðsynlegra gagna til að veita nemendum, forráðamönnum, kennurum og fræðsluyfirvöldum leiðbeinandi upplýsingar um stöðu nemenda og skólakerfisins í heild. Hins vegar telur hann að núverandi gerð og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa henti ekki í þeim tilgangi. Þess vegna leggur starfshópurinn til að samræmd próf í núverandi mynd verði ekki þróuð frekar og að notkun þeirra verði hætt. Í stað þeirra verði þróað heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum sem í grundvallaratriðum hafi sama markmið og samræmd könnunarpróf skv. reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017. Áhersla verði á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og valfrelsi skóla til að nýta sér þau, með þeim takmörkunum þó að skólum beri skylda til að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði. Lagt er til að nýtt námsmatskerfi verði kallað *matsferill*.

Starfshópurinn telur tillögur sínar til þess fallnar að auka gæði námsmats, gagnaöflunar og greiningar á lykilorðum og umbótum fyrir skólakerfið í heild og að þær tryggi betur en núverandi kerfi gagnsemi niðurstaðna meðal haghafa hvar sem er í kerfinu. Hann telur jafnframt að próf og verkefni í matsferlinum nýtist í innra námsmati skóla og að þau geti dregið úr vinnu kennara við að semja próf, kjósi þeir að nota þau. Starfshópurinn vill árétta að gert er ráð fyrir að öll próf í *matsferlinum* séu stutt og hnitmiðuð, hvort sem þau eru valkvæð eða ekki.

¹⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017

¹¹ Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017.

Matsferill

Lagt er til að nýtt námsmatskerfi verði kallað *matsferill*. Áhersla verði á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og valfrelsi skóla til að nýta sér þau, með þeim takmörkunum þó að skólum beri skylda til að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði.

Margt hefur verið skrifað um innleiðingarferli í skólastarfi og mikilvægi stuðnings þegar ákvarðanir eru teknar um breytingar. Starfshópurinn minnir á þetta mikilvægi og einnig á þá staðreynd að sveitarfélög á Íslandi eru misvel í stakk búin til að sinna ráðgjöf og stuðningi við skóla, ekki síst þau fámennustu.¹² Starfshópurinn telur því mikilvægt að við innleiðingu nýs *matsferils* sem styður við einstaklingsmiðað nám sé gert ráð fyrir margs konar stuðningi við skólasamfélagið, meðal annars í formi leiðbeininga, námskeiða og ráðgjafar og að slíkur stuðningur sé unninn í samstarfi ríkis, háskólasamfélags, sveitarfélaga og sérfræðinga á sviðinu. Starfshópurinn leggur til að Menntamálastofnun verði falið að vera leiðandi á þessu sviði.

3.2 Tillögur ásamt rökstuðningi

1. Þróað verði heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum undir yfirheitinu matsferill

Þessi tillaga felur í sér að þróað verði fjölbreytt safn staðlaðra prófa og verkefna í mörgum námsgreinum undir yfirheitinu *matsferill*.¹³ Matstækin í *matsferlinum* hafi mismunandi hlutverk en fyrst og fremst verði þau sniðin sem best að þörfum, þroska og reynsluheimi nemenda á öllum stigum grunnskólans. Niðurstöður verði settar fram á aðgengilegan hátt þannig að hægt verði að fylgjast með árangri einstakra nemenda, bekkja og skóla. Mælst er til þess að við þróun *matsferils* verði horft til þess hvernig matstækinu *Lesferli*¹⁴ er ætlað að þróast.

Áhersla verði á rafræn próf og verkefni. Skilvirkni og notkun bæði prófa, verkefna og námsefnis ræðst ekki síst af því hversu aðlaðandi og aðgengilegt það er. Þess vegna, meðal annars, er bent á mikilvægi þess að hugað verði að upplifunarhönnun og notkun gervigreindar eftir því sem þekking á því sviði eflist.¹⁵

Matsferillinn komi sem best til móts við fjölbreytta kennsluhætti þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat með markvissar umbætur að leiðarljósi. Mikilvægt er að endurgjöf námsmats sé leiðbeinandi og styðji við námsframvindu, hvort sem er til að bæta úr veikleikum eða ýta undir styrk hvers nemanda.¹⁶ Starfshópurinn telur að mörg stutt afmörkuð próf séu betur til þess fallin en fá, löng og umfangsmikil próf, að niðurstöður þeirra gefi betri heildarmynd af stöðu nemenda og þau raski síður hefðbundnu skólastarfi.¹⁷ Nánar er fjallað um *matsferil* í kafla 3.3.

2. Skipaður verði samráðshópur um framkvæmd og fyrirkomulag ytra námsmats

Þessi tillaga felur í sér að skipaður verði samráðshópur, nefnd eða ráð sem hafi það hlutverk að rýna og koma með athugasemdir og tillögur til breytinga á þróun, ferli og fyrirkomulagi þess námsmats sem hannað verður í stað samræmdra könnunarprófa. Hópurinn gæti eftir atvikum komið með tillögur að fyrra bragði eða þegar eftir þeim væri kallað. Lagt er til að skipað verði í hópinn með tilnefningu þeirra sem eiga hagsmuna að gæta um framkvæmd og fyrirkomulag ytra námsmats í grunnskólum.

3. Gefinn verði kostur á sveigjanlegri fyrirlögn prófa í matsferlinum

Í þessari tillögu felst að fyrirlögn prófa og verkefna í *matsferlinum* verði ekki bundin við fasta dagsetningu á skólaárinu heldur hafi skólar svigrúm til að leggja þau fyrir á mismunandi tíma innan tiltekins tímabils. Hugtakið *opinn prófagluggi* hefur verið notað í því samhengi. Slíkur sveigjanleiki er til þess fallinn að draga úr og dreifa álagi, bæði á matsstofnun og skólastarfið sjálft.

¹² Sveitarfélög á Íslandi eru 72 og flest þeirra reka skóla, sbr. upplýsingar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga <https://www.samband.is/sveitarfelogin/>

¹³ Undirheiti gætu t.d. verið *raungreinaferill*, *tungumálaferill*, *listgreinaferill*.

¹⁴ Sjá viðauka I.

¹⁵ Upplifunarhönnun er þýðing á enska hugtakinu „user experience design“. Um það fjallar m.a. Kerr, 2016.

¹⁶ Sjá skrif Van der Kleij o.fl., 2015.

¹⁷ Slíkt fyrirkomulag má sjá hjá nokkrum nágrannaríkjum okkar, t.d. í Skotlandi.

Starfshópurinn leggur til að almennt verði skólum það í sjálfsvald sett að nota þau matstæki sem hönnuð verða í matsferlinum en með þeim takmörkunum að tiltekin próf í íslensku og stærðfræði verði alltaf lögð fyrir. Áhersla verði á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og valfrelsi skóla til að nýta sér þau.

4. Áhersla verði á ráðgjöf og leiðsögn í kjölfar mats

Í þessari tillögu felst að lögð verði áhersla á umbætur í kjölfar námsmats í nýjum *matsferli*. Til þess að tryggja þær umbætur þarf öflugan stuðning við starfsþróun kennara og stjórnenda í þeim tilgangi að auka hæfni þeirra til að nýta niðurstöður námsmats. Nota mætti hugtakið *námsmatslæsi*¹⁸ í þessu samhengi.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og Menntamálastofnun nr. 91/2015 er fjallað um ábyrgð á þróun einstakra skóla, mat og eftirlit með gæðum skólastarfs, öflun og miðlun upplýsinga. Þar kemur fram að sveitarfélögum sé ætlað að sjá til þess að innra og ytra mat leiði til umbóta. Einnig er þeim ætlað að láta mennta- og menningarmálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Í lögum um Menntamálastofnun kemur fram að stofnuninni sé ætlað að stuðla að umbótum og framþróun í skólastarfi en ekki er tekið fram að henni sé ætlað að sinna kennslufræðilegri ráðgjöf eða þróun innan skóla. Í reglugerð nr. 584/2010 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og í aðalnámskrá¹⁹ kemur hins vegar fram að skólaþjónustu sé ætlað að veita starfsemi skóla og starfsfólki þeirra stuðning.

Tillögur starfshóps um matsferil fela í sér námsmat sem nýtist bæði í innra og ytra mati skóla. Í samráðsvinnu starfshópsins var kallað eftir meiri stuðningi Menntamálastofnunar við sveitarfélög til að sinna þætti ráðgjafar og leiðsagnar við að fylgja eftir niðurstöðum ytra mats í umbóta- og þróunarskyni. Þannig fyrirkomulag má sjá víða í nágrenna-ríkjum okkar, til dæmis hjá Svíum og Norðmönnum.

Starfshópurinn leggur því til að samhliða stuðningi til að auka námsmatslæsi kennara og stjórnenda í grunnskólum verði stuðningur við ytra og innra mat skólanna eftt enn frekar og að slíkur stuðningur verði sameiginlegt verkefni ríkis, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og sérfræðinga á sviðinu.

Tillaga þessi felur væntanlega í sér að breyta þarf VIII. kafla laga um grunnskóla þar sem fjallað er um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

5. Aðgangur að niðurstöðum námsmats verði vel skilgreindur og opinber birting takmörkuð

Þessi tillaga felur í sér að skilgreint verði með skýrum hætti hver aðgangur að niðurstöðum námsmats í *matsferlinum* verði. Lagt er til að hver skóli hafi fullan aðgang að eigin niðurstöðum, hvert sveitarfélag hafi fullan aðgang að niðurstöðum sinna skóla og ráðuneyti fái þær niðurstöður sem það telur sig þurfa um skólakerfið í heild. Einnig er lagt til að ekki verði heimilt að birta opinberlega niðurstöður einstakra skóla eða sveitarfélaga né samanburð þeirra á milli. Á þennan hátt verði lögð áhersla á að niðurstöður úr *matsferlinum* verði eingöngu ætlaðar þeim sem þær gagnast í umbótaskyni. Ábyrgð á varðveislu og úrvinnslu gagna verði í höndum Menntamálastofnunar nema ráðuneyti leggi annað til.

Í 10. grein reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa, nr. 173/2017, er kveðið á um að Menntamálastofnun gefi út heildarniðurstöður prófanna á rafrænu formi og birti þær opinberlega. Þar er einnig kveðið á um að landsmeðaltöl komi fram og meðaltöl einstakra skóla eftir námsgreinum og námsþáttum. Litið hefur verið á slíka birtingu sem hluta af ytra mati grunnskóla. Starfshópurinn leggur til að þessu ákvæði verði breytt og niðurstöður matsferils verði eingöngu aðgengilegar kennurum, skólastjórum og fræðslufyrvöldum til úrlausnar og umbóta eins og þörf krefur. Skólar og sveitarfélög ættu að geta borið sig saman við landsmeðaltal.

Starfshópurinn telur að samanburður og birting niðurstöðna samræmds námsmats hafi ýmsa ókosti. Hún ýti undir ósanngjarnan samanburð milli skóla og sveitarfélaga enda aðstæður með ýmsum hætti,

¹⁸ Popham, 2009.

¹⁹ Sjá reglugerð 584/2010 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

til dæmis staðsetning skóla, stærð og félagsleg staða nemendahópsins. Menntun án aðgreiningar og samanburður milli skóla í samræmdum prófum án tillits til ofangreindra þátta fer að mati starfshópsins ekki saman.

Algengt er að fjölmiðlar birti og fjalli um niðurstöður samræmdra prófa. Í því sambandi vill starfshópurinn benda á að fordæmi eru fyrir því í nokkrum Evrópulöndum, t.d. Austurríki, Belgíu, Lúxemborg, Slóveníu og Finnlandi, að óheimilt sé að nota niðurstöður samræmdra prófa til samanburðar eða gæðastimplunar skóla.²⁰ Í Danmörku er einungis leyfilegt að gefa út landsmeðaltal og sértækari niðurstöður eru einungis afhentar skólum og sveitarstjórnum til umbóta í námi nemenda, kennslu og skólasterfi en ekki birtar opinberlega.

Í sumum löndum skipta niðurstöður prófa miklu máli fyrir aðra en nemendur sjálfa, svo sem kennara, skólastjóra og sveitarfélög þar sem annaðhvort eru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur eða viðurlög eru við lögum árangri. Þar eru niðurstöður birtar í fjölmiðlum og skólar bornir saman. Afleiðingar þessarar samkeppni geta verið alvarlegar.²¹ Hætta er á því að námskráin sé þrengd, kennarar fari að kenna fyrir prófin með tilheyrandi fábreytni í kennsluháttum, skorti á nýsköpun og einhæfu námsmati þar sem kennurum hættir til að semja próf sem líkjast samræmdum prófum.²² Starfshópurinn telur að með heildstæðu safni matstækja í *matsferli* og takmörkun á birtingu niðurstaðna megi draga úr hættu á þessum neikvæðu áhrifum.

Tillaga þessi felur meðal annars í sér að við 6. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti bætist nýr töluliður um niðurstöður námsmats sem er hluti af matsferli grunnskóla. Önnur ákvæði gæti þurft að rýna frekar þannig að ekki verði heimilt að birta opinberlega niðurstöður námsmats nema að því leyti sem slíkt er heimilað í lögum.

6. Hannaður verði námsmatsrammi

Þessi tillaga felur í sér að mennta- og menningar- málaráðuneyti beiti sér fyrir því að hannaður verði námsmatsrammi sem veiti ítarlegar upplýsingar um markmið og hlutverk alls skipulagðs námsmats á mismunandi skólastigum. Þar verði yfirlit um ytra námsmat, öll próf í matsferli, skimunarpróf og alþjóðlegar kannanir. Slíkur námsmatsrammi er til í mörgum nágrannaríkjum okkar.

Markmið matstækja geta verið margvísleg. Þeim getur verið ætlað að meta þroska nemenda í samanburði við jafnaldra, þörf á stuðningi, framfarir og námslega stöðu innan skólans. Einnig getur þeim verið ætlað að meta stöðu miðað við landsmeðaltal, meta skóla eða skólakerfi. Einnig að veita nemendum, kennurum og forráðamönnum endurgjöf. Í námsmatsramma er til dæmis greint frá:

- aldri nemenda og skólastigi,
- markmiði hvers tækis sem notað er til námsmats,
- námssviði og -þáttum sem prófaðir eru,
- tengslum ólíkra matstækja,
- hlutverki niðurstaðna úr hverju námsmati í námsframvindu.

Með því að tilgreina markmið ólíkra matstækja og stöðu þeirra í skólakerfinu má auka skilning á námsmati og hlutverki þess og skapa sátt um framkvæmdina á því mati.²³

Vel hannaður námsmatsrammi setur umbótastarfi skýra stefnu. Með því móti deila allir sömu sýn á tilgang námsmats og tímasetningar þess, birtingu niðurstaðna og í hvaða röð ólíkir námsþættir eru kannaðir. Slík sameiginleg sýn ætti að skapa tækifæri til að stilla saman strengi í því samstarfi sem nauðsynlegt er til að þróa og bæta kennsluhætti.

Starfshópurinn skoðaði námsmatsramma frá nokkrum löndum en þeir eru yfirleitt birtir sem myndir af einhverju tagi, ferlar eða tengslarit. Í viðauka VIII má sjá námsmatsramma frá Cambridge Assessment sem sýnir feril ytra námsmats í Englandi.²⁴ Ekki hefur verið hannaður sams konar námsmatsrammi hér á landi.

²⁰ OECD, 2013, bls. 633.

²¹ OECD, 2013, bls. 63 og 459.

²² OECD, 2013, bls. 106, Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

²³ Sjá í þessu samhengi viðauka III en þar hefur verið tekið saman yfirlit yfir staðlað eða samræmt mat sem fram fer í leik-, grunn- og framhaldsskólum hér á landi.

²⁴ Sjá vef Cambridge Assessment.

3.3 Matsferill

Ein helsta tillaga starfshópsins felst í því að þróað verði heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum undir yfirheitinu *matsferill*. Lagt er til að áhersla verði á rafræn próf. Með því að nota rafrænar, tæknilegar útfærslur við hönnun prófa og verkefna gefst kostur á að nota gagnvirkni, hljóð, myndir og myndskreið og að veita aðgang að efni á netinu og hjálpartækjum ef slíkt á við. Einn stærsti kosturinn er þó líklega að niðurstöður geta legið fyrir nær samstundis og margs konar greiningarupplýsingar safnast saman.²⁵

Matsferill hefur í meginatriðum sömu markmið og samræmd könnunarpróf en farnar eru aðrar leiðir til að uppfylla þau.

Líkt og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að öll próf hafi sömu einkenni, hvort sem þau eru valkvæð eða ekki. Þau verði stutt, hnitmiðuð, viðmótið sniðið að þörfum nemenda, hugað sérstaklega að upplifunarhönnun og prófunum ætlað að falla vel að

starfsháttum skóla. Flest eru þau valkvæð sem felur í sér að kennarar eða stjórnendur skóla geta ákveðið hvort þau verði lögð fyrir. Jafnvel mætti hugsa sér að nemendur ættu þess stundum kost að velja sjálfir hvort eða hvaða próf þeir taka og jafnframt að þeir hefðu heimild til að taka sum próf oft en einu sinni.

Rafræn próf fela í sér mikla möguleika, bæði hvað varðar inntak þeirra, endurgjöf og meðhöndlun gagna sem safnast saman. Þau geta ef vel er að verki staðið leitt til mikilla framfara í skólastarfi en hins vegar þarf að varast að umfang þeirra verði of mikið og íþyngjandi kröfur verði gerðar til nemenda og starfsfólks skóla um notkun þeirra.

Starfshópurinn telur ekki ástæðu til að takmarka aðgang kennara að prófatriðum enda eru prófin ætluð sem leiðsagnarmat. Hefðu prófin annars konar vægi, væru til dæmis áhættupróf, væri hugsanlega ástæða til að takmarka aðgang að þeim.

²⁵ Í grein Mariyana Nikolova, 2011, er fjallað um rafrænt námsmat (e. E-assessment) og meðal annars bent á kosti þess og galla.

4. Samræmt námsmat á framhaldsskólastigi

Fjallað er um námsmat í 30. grein laga 92/2008 um framhaldsskóla. Þar er ákvæði um könnunarpróf sem aldrei hefur komið til framkvæmda. Í lögunum segir að almennt námsmat í framhaldsskóla sé í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Þar segir einnig að „þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skuli hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færnimarkmið náms.“ Í þessari grein kemur einnig fram að ráðherra setji reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag og framkvæmd færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendur í framhaldsskólum. Sú reglugerð hefur ekki verið gefin út. Nánari skýringar á þessari lagagrein er að finna í greinargerð²⁶ með frumvarpi en þar segir að ekki sé gert ráð fyrir samræmdum prófum en lagt til að útbúin verði viðmiðunarpróf í lokaáföngum auk þess sem heimilað verði að leggja fyrir könnunarpróf, meðal annars í rannsóknarskyni.

Á leik- og grunnskólastigi hafa verið þróuð ýmis matstæki til að meta hæfni nemenda eða skima fyrir námserfiðleikum (sjá viðauka III) og fyrirhugað er að þróa enn fleiri. Niðurstöður slíkra prófa og mats

eru meðal annars notaðar í innra og ytra mati skóla. Að loknum grunnskóla er engu slíku mati fyrir að fara ef frá eru talin svokölluð A-próf sem gegna hlutverki inntökuprófa á viss svið háskólans, til dæmis hjúkrunarfræði og læknisfræði.

Starfshópurinn skoðaði fyrirkomulag samræmdra prófa í mörgum nágrannaríkjum okkar. Sú skoðun leiddi meðal annars í ljós að mjög víða er lagt fyrir samræmt námsmat á framhaldsskólastigi. Prófin hafa mismunandi vægi í löndunum. Í Finnlandi er til dæmis löng hefð fyrir umfangsmiklu lokaprófi í framhaldsskólum sem ræður úrslitum um inngöngu í háskóla og í Svíþjóð eru samræmd próf í lok framhaldsskóla valkvæð en þau ráða hins vegar miklu um áframhaldandi skólagöngu nemenda.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á framhaldsskólastigi á undanförunum árum, bæði vegna styttingar náms til stúdentsprófs og einnig vegna breyttra áherslna í aðalnámskrá. Samhliða breytingunum hefur meiri ábyrgð verið lögð á starfsfólk framhaldsskóla, meðal annars við gerð námsbrautarlýsinga. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort æskilegt sé að leggja fyrir samræmt mat af einhverju tagi í framhaldsskóla. Hann vill hins vegar vekja athygli á að það er gert í mjög mörgum nágrannaríkja okkar. Meðal annars í því ljósi telur hann ástæðu til að endurvekja umræður um kosti og galla slíks fyrirkomulags.

²⁶ Sjá nánar greinargerð með frumvarpi til laga 92/2008 um framhaldsskóla og umfjöllun um námsmat í nágrannalöndum okkar í 6. kafla.

5. Lagarammi um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess

Starfshópnum var falið að skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun hans frá 2008. Til að fá heildstæða mynd af þróun samræmds námsmats frá upphafi var ákveðið að skoða lagaákvæði um samræmt námsmat aftur til ársins 1907.²⁷ Sú skoðun leiddi í ljós að markmið og fjöldi greina sem prófað er úr samræmt í 4. og 7. bekk hefur ekki breyst frá árinu 1995 að öðru leyti en að þau eru nú kölluð könnunarpróf en voru áður kölluð samræmd próf og í stað þess að þau eigi að vera markmiðsbundin eiga þau að vera hæfnimiðuð.

Meiri breytingar hafa orðið á unglíngastigi. Þar hefur bæði tilgangur prófa og fjöldi breyst. Flest voru prófin sex og þá voru þau valfrjáls. Þau voru lögð fyrir í lok 10. bekkjar og gegndu því hlutverki að vera inntöku-próf í framhaldsskóla. Á þeim grunni völdu flestir að taka prófin. Nú eru prófin haldin í 9. bekk í fyrri hluta mars og eiga að vera leiðbeinandi og upplýsandi könnunarpróf.

Yfirlit yfir samræmt námsmat í skyldunámi á Íslandi

Ár	Gerð prófa	Aldur	Námshgreinar	Ákvæði í lögum
1907	Próf um kunnáttu skólabarna. Fullnaðarpróf var lokapróf. Önnur próf voru kölluð landspróf í lestri og reikningi.	10–14 ára	Lestur, skrift, kristin fræði, reikningur, notkun landakorts og nokkur einföld sönglög.	Það barn sem ekki hafði fengið lögskipaða kunnáttu, eins og segir í lögnum, átti að koma árlega til prófs uns það stæðist prófið eða þar til það væri fullra 16 ára. Lokapróf úr fræðsluskyldu.
1930	Próf um kunnáttu skólabarna	8–14 ára	Lestur, skrift, kristin fræði, reikningur, notkun landakorts, þekja til merkustu manna þjóðarinnar, náttúrufræði, einfaldar dráttmyndir og nokkur einföld sönglög.	Próf skyldi halda árlega um kunnáttu og þroska barna. Við próf skyldi jafnan vera prófdómandi, skipaður af fræðslumálastjórninni. Börn sem luku lögskipuðu námi fengu vottorð um kunnáttu sína og þroska. Prófdómandi sendi skólanefnd skriflegt álit um hag barnafræðslunnar í skólahéraðinu sem síðan sendi það fræðslumálastjórninni.
1936	Próf um kunnáttu skólabarna	8–14 ára	Lestur, skrift, kristin fræði, reikningur, notkun landakorts, vita um merkustu menn þjóðarinnar, náttúrufræði (náttúra og mannlíkaminn), einfaldar dráttmyndir, leikfimi og nokkur einföld sönglög.	Í lögnum er ákvæði um eftirlitsmenn með barnafræðslunni sem kallast námstjórar. Tekið er fram í lögum að ekki megi kenna erlend tungumál í barnaskólum nema þeim börnum sem séu orðin vel læs, skrifi möðurmálið ritvillulítið og séu vel að sér í íslenskri greiningu.
1946	Samræmd próf við lok barnaskólástigs í lok 8. bekkjar, svokallað fullnaðarpróf	8–13 ára	Lestur, stafsetning, málfræði og reikningur.	Próf fóru fram undir eftirliti prófdómara sem fræðslumálastjóri skipaði. Námstjórnarnir önnuðust meðal annars eftirlit með kennsluskipan, kennslu- aðferðum og árangri kennslunnar. Lokapróf. Próf í 3., 6. og 8. bekk og niðurstöður fullnaðarprófsins svokallaða í 8. bekk höfðu afgerandi áhrif hvort nemendur gætu innritast í landsprófsdeildir.
1946	Landspróf miðskóla — samræmt próf	16 ára	Átta námshgreinar	Lokapróf úr miðskóla og inntökupróf í menntaskóla og hliðstætt nám.
1968	Samræmd gagnfræðapróf	16 ára	Íslenska, danska, enska og stærðfræði	Landspróf og samræmt gagnfræðapróf haldið í síðasta skipti vorið 1976.

²⁷ Sjá ítarlegra yfirlit í viðauka IV ásamt tilvísunum í heimildir.

Ár	Gerð prófa	Aldur	Námsgreinar	Ákvæði í lögum
1977	Samræmt grunnskólapróf í 9. bekk	16 ára	Íslenska, stærðfræði, erlent tungumál – val milli prófs í raungreinum og samfélagsgreinum.	Gefnar voru fimm einkunnir, A, B, C, D og E, miðaðar við normaldreifingu og ákveðið að sömu inntökuskilyrði giltu í alla framhaldsskóla. Inntökupróf í framhaldsskóla.
1985	Samræmt lokapróf	16 ára	Íslenska og stærðfræði Árið 1989 engin próf vegna verkfalls. 1990–1992 bara próf í íslensku og stærðfræði, ekki í ensku og dönsku.	Leitast við að prófa grundvallaratriði án þess þó að það sé nánar útskýrt. Tilgangur prófanna að láta skólum í té upplýsingar um árangur í prófgreinum á landinu öllu eða á einstökum svæðum sem gerir þeim kleift að bera prófárangur nemenda sinna saman við árangur stærri hópa og að veita framhaldsskólum upplýsingar um námsárangur nemenda til viðbótar skólamati.
1995	Samræmd próf og samræmd lokapróf	4., 7. og lok grunnskóla	Íslenska og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Samræmd lokapróf í 10. bekk í að minnsta kosti fjórum námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Öll prófin skylda.	Aukin áhersla á samræmt námsmat í grunnskólum. Menntamálaráðherra leggja skólum til samræmd próf, bæði könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf, til að greina stöðu nemenda og fylgjast með námsframvindu þeirra.
2001	2001: Valfrjáls samræmd próf í fjórum greinum. 2002: Valfrjáls samræmd próf í fimm greinum. 2003: Valfrjáls samræmd próf í sex greinum	4., 7. og lok grunnskóla	Próf í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í öllum 4. og 7. bekkjum. Samræmd lokapróf í 10. bekk. Við lok grunnskóla var nemendum gefinn kostur á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum.	Breyting á lögum um grunnskóla 1999 og námsgreinum til prófs í 10. bekk fjölgað úr fjórum í sex. Prófin í 10. bekk gerð valfrjáls. Tilgangur prófa að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara og fræðslufyrivalda. Samræmd próf í 10. bekk voru viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla.
2008	Samræmd könnunarpróf	4., 7. og 10. bekkur	Íslenska og stærðfræði 4. og 7. bekk. Íslenska, stærðfræði og enska í 10. bekk. Vegna breytinga á lögum tóku nemendur í 10. bekk sem útskrifuðust úr grunnskóla 2009 ekki samræmd próf.	Prófin kölluð samræmd könnunarpróf á öllum þremur skólastigunum. Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum áður en grunnskólanámi lýkur. Samræmd könnunarpróf liggja ekki lengur til grundvallar inntöku nemenda í framhaldsskóla. Þau urðu sambærileg þeim sem tíðkast hafa í 4. og 7. bekk.
2017	Samræmd könnunarpróf	4., 7. og 9. bekkur	Íslenska og stærðfræði 4. og 7. bekk. Íslenska, stærðfræði og enska í 9. bekk	Reglugerð nr. 173/2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla. Reglugerðin var sett í kjölfar aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013. Próf í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Prófin eiga að nú að vera hæfnimiðuð en ekki eingöngu markmiðsbundin eins og áður og einnig leiðbeinandi og upplýsandi. Skilgreindur tilgangur samræmdra könnunarprófa (sbr. reglugerð nr. 173/2017) að veita nemendum, foreldrum/forsjáraðilum og kennurum upplýsingar um stöðu nemenda í viðkomandi námsgreinum auk þess sem þeim er ætlað ákveðið hlutverk við mat á skólakerfinu. Prófin eru ekki lengur notuð sem viðmið um inntöku í framhaldsskóla.

6. Stutt samantekt yfir samræmd próf í skólakerfum nágrannalanda

Starfshópnum var falið að skoða hvernig staðið er að samræmdu námsmati í nágrannalöndum okkar og bera saman við framkvæmd og fyrirkomulag prófanna á Íslandi. Slíkur samanburður reyndist ekki einfaldur því uppbygging menntakerfa, framkvæmd námsmats, eðli og innihald prófa, starfshættir skóla, hugtaka-notkun og aðrir þættir eru mismunandi milli landa.

Eftirfarandi yfirlit byggist meðal annars á skýrslu Eurydice²⁸ frá 2009 um samanburð, markmið, framkvæmd og notkun niðurstaðna samræmds námsmats í þrjátíu Evrópulöndum. Þótt sú skýrsla sé ekki alveg ný af nálinni dregur hún ágætlega fram hve ólíkt fyrirkomulagið í þessum löndum er. Einnig er byggt á skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) frá 2013, *Synergies for Better Learning. An International Perspective on Evaluation and Assessment*. Skýrslan er ítarleg en upplýsingar eru líkt og í hinni fyrri farnar að úreldast enda eiga sér nú stað miklar breytingar víða um heim með tilkomu aukinnar þekkingar og notkunar tölvutækni. Auk þessara skýrslna var leitað upplýsinga á heimasíðum ýmissa stofnana.

6.1 Tilgangur samræmdra prófa

Samræmdum prófum virðist ýmist vera ætlað að veita nemendum og kennurum endurgjöf eða að meta árangur skóla, jafnvel að vera ákveðið eftirlits-tæki. Próf sem lögð eru fyrir yngri nemendur eru stundum notuð til skimunar en próf fyrir eldri nemendur til að meta stöðu skóla og árangur kennslu. Próf geta haft mismunandi tilgang, svo er til dæmis bæði í Noregi og Englandi. Einu prófi er þannig ætlað að kanna hæfni nemenda en öðru að athuga að hvaða marki markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð. Í samanburði við önnur lönd virðast prófin á Íslandi vera með breiða skírskotun en samkvæmt lögum er einu prófi ætlað að uppfylla fjölþættan tilgang. Í öðrum löndum virðast vera notuð fleiri próf þegar ná þarf fram fjölbreyttum upplýsingum, svo sem um

stöðu nemenda og stöðu menntakerfis. Í skýrslu Eurydice (2009) kemur fram að um það bil þriðjungur Evrópulanda virðist nota niðurstöður samræmdra prófa sem leiðbeinandi námsmat. Aðrir nota annars konar námsmat í þeim tilgangi.

6.2 Fyrirkomulag samræmdra prófa

Flest lönd leggja fyrir talsvert fleiri samræmd próf en gert er á Íslandi. Það á til dæmis við um Skotland, Danmörku, Svíþjóð, Noreg, England, Frakkland og Holland. Finnland er eina landið sem hefur færri samræmd próf en Ísland. Yfirleitt eru prófin lögð fyrir bæði yngri og eldri nemendur og algengt er að það sé gert á seinni hluta skólaársins. Það er þó ekki einhlítt.

Hvert land er með sitt skipulag í kringum samræmd próf og mörg hafa mótað námsmatsramma um prófaferli frá upphafi skólagöngu til loka. Mjög mismunandi er hvaða sveigjanleika nemendur og skólar hafa til að ljúka prófum. Í sumum löndum er ákveðið tímabil eða prófagluggi og gott svigrúm fyrir skóla að leggja prófin fyrir en í öðrum eru tilteknir opinberir prófdagar líkt og hér á landi.

Próftíminn er líkt og annað mjög mismunandi milli landa. Á Íslandi er próftími í 9. bekk 150 mínútur, 80 mínútur í 7. bekk og 70 mínútur í 4. bekk. Sum lönd eru með mjög stuttan próftíma og meta jafnvel hæfni nemenda út frá því hversu fljótir þeir eru að ljúka við verkefni en önnur hafa engin tímamörk.

6.3 Prófbættir

Flest lönd leggja fyrir próf í móðurmáli, stærðfræði og tungumálum. Próf í móðurmáli er mjög mismunandi milli landa og stundum samþætt öðrum námsgreinum. Hér á landi er prófað úr lesskilningi og málnotkun en annars staðar er prófað úr fleiri þáttum, svo sem málfræði, læsi, lesskilningi, ritun og stafsetningu. Erfitt er að greina ákveðna stefnu

²⁸ Education, Audiovisual and Culture Executive Agency.

Í sambandi við próf í kjarnagreinum en ljóst er að öll löndin eru með einhvers konar samræmt námsmat til að meta grunnfærni nemenda í móðurmáli. Það sama má segja um stærðfræði en mismunandi menntunarfræðilegar forsendur geta legið að baki skilgreiningu hugtakanna vegna þess að ýmist er verið að tala um stærðfræði (e. mathematics) eða talnafræði (e. numeracy).

6.4 Tegundir prófatriða, uppbygging og tengsl við aðalnámskrá

Samræmd próf á Íslandi eru byggð upp á fjölvalsspurningum. Flest samamburðarlöndin eru með umtalsvert fjölbreyttari próf og með fleiri tegundir prófatriða. Flest lönd eru með mjög skýra stefnu um að það sé ekki markmið eða tilgangur samræmds námsmats að endurspeglar marga þætti aðalnámskrár heldur segja það skýrt að prófið sé afmarkað við ákveðna afmarkaða þætti aðalnámskrár.

6.5 Rafræn eða á pappír

Samhliða almennri tæknipróun hafa margar þjóðir nýtt sér þann möguleika að leggja samræmd próf fyrir rafrænt. Það á við hér á landi og hafa prófin eingöngu verið lögð fyrir rafrænt frá 2016 í 4. og 7. bekk og í 9. bekk frá 2017. Aðrar þjóðir hafa stigið skref í sömu átt, til dæmis Danmörk, Noregur, Holland og Færeyjar.

6.6 Birting niðurstaðna og notkun gagna úr samræmdu námsmati

Stefna stjórnvalda um birtingu og notkun niðurstaðna samræmdra prófa er mjög mismunandi milli landa. Í sumum löndum hefur verið sett í lög að trúnaður ríki um niðurstöður prófa og að öll prófatriði skuli vera trúnaðarmál. Í öðrum löndum er bein skylda að birta niðurstöður eftir skólum og upplýsingar eru notaðar markvisst til að meta árangur skóla enda litið svo á að miklir fjármunir séu í húfi og að foreldrar og stjórnendur eigi rétt á því að fá upplýsingar um skólustarfið. Algengt virðist að niðurstöður úr samræmdu námsmati séu birtar opinberlega en einnig eru dæmi um að birting sé ætluð viðkomandi sveitarfélagi.

6.7 Aðgangur að prófum

Víða er lögð áhersla á að birta öll próf að lokinni fyrirlögn. Í sumum löndum ríkir hins vegar leynd yfir prófatriðum en kennari hefur aðgang að þeim með ákveðnum skilyrðum og heimild til að sýna

nemendum og foreldrum þau í ákveðinn tíma. Þá er mjög mismunandi milli landa hvernig endurgjöf til nemenda, foreldra og skóla er háttað. Mismunandi er hversu ítarleg endurgjöfin er til nemenda og hversu ítarlegar upplýsingar hver skóli fær sem þátt í ytra mati og sem grunn að ákvarðanatöku.

6.8 Stutt lýsing á samræmdum prófum í átta löndum

Í þessu yfirliti er dregin upp einföld mynd af tilhögun samræmdra prófa í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Skotlandi, Ontario-fylki í Kanada og Hollandi. Prófin sem lögð eru fyrir í þessum löndum eru af mörgum toga og þau gegna mismunandi hlutverki. Í flestum þeirra er hins vegar unnið að því að þróa rafræna fyrirlögn.

DANMÖRK: Saga samræmdra prófa í Danmörku er stutt en segja má að þar hafi prófin þróað hradar en í hinum samamburðarlöndunum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Danir hafa nýlega umbreytt öllu grunnskólakerfi sínu. Þeir hafa meðal annars tekið það skref að innleiða aðalnámskrá í fyrsta sinn og samhliða því þróað samræmd próf. Þeir hafa innleitt rafræn aðlöguð próf, nokkurs konar stöðutökupróf, sem og samræmdar mælingar á námsframvindu. Ekki ríkir einhugur um kosti aðlagðra prófa í Danmörku. Eiga þessar mælingar sér stað frá byrjun til enda grunnskólagöngunnar. Í Danmörku er prófað í öllum árgöngum en mismunandi er á milli ára hvaða próf eru skyldupróf. Námsgreinar sem prófað er úr eru danska, lestur, stærðfræði, enska, landafræði, líffræði og eðlis- og efnafræði.

SVÍÞJÓÐ: Leiðsagnarmati og lokamati er fléttað saman til að meta lokaafakstur. Í 3. bekk er prófað í stærðfræði og sænsku, í 6. og 9. bekk er prófað í sænsku, ensku og stærðfræði. Þá eru nemendur dregnir út til að taka próf í líffræði, eðlisfræði, efnafræði, landafræði, sögu, trúarbragðafræði og félagsvísindum. Prófin eru ennþá á pappírformi en unnið er að því að færa þau yfir í rafrænt kerfi, til dæmis eiga nemendur að skila ritverkefnum rafrænt.

NOREGUR: Í Noregi eru lögð fyrir margs konar próf, allt frá 1. bekk til loka grunnskólans, og eru þau ýmist skimunarpróf, áfangapróf sem eiga að aðstoða við leiðsagnarmat (sem er í gangi alla grunnskólagönguna) eða stöðumat þar sem prófuð er þekking

úr tilteknu efni. Þrjú samræmd könnunarpróf eru sambærileg íslensku könnunarpröfunum og kallast þau „Nasjonale prøver“. Þau fara fram í 5., 8. og 9. bekk. Lokaprófið í 10. bekk er mjög umfangsmikið. Skilgreindur tilgangur prófanna er að ganga úr skugga um að nemendur hafi tileinkað sér þá þekkingu og færni sem ætlast er til samkvæmt aðalnámsskrá en þau eiga einnig að veita sem einn af fleiri þáttum inn í símat hvers nemanda sem fram fer alla skólagönguna og endurspeglar stöðu nemandans, bekkjarins og skólans í heild. Niðurstöðurnar eiga að gefa nemendum, aðstandendum, sveitarfélögum, yfirvöldum og rannsakendum gagnlegar upplýsingar um stöðu mála, bæði árganga miðað við aðra og fyrir einstaklinginn sjálfan. Prófið inniheldur tengispurningar sem gefa marktæka mynd af framvindu einstaklings milli ára og stöðu árgangansins borið saman við árganginn á undan eða eftir. Prófunin hefur verið rafræn í meira en áratug í Noregi eða frá árinu 2007.²⁹

FINNLAND: Í Finnlandi eru ekki lögð fyrir samræmd próf á grunnskólastigi heldur er þar áhersla á símat og leiðsagnarmat. Hins vegar ganga Finnar lengra í samræmdum prófunum en aðrir hvað varðar próf við lok framhaldsskóla. Stúdentsprófið í Finnlandi er aldagamalt, umfangsmikið og samræmt. Innganga í háskóla byggist á niðurstöðum prófanna og hafa prófin því mjög mikla þýðingu fyrir finnska unglunga.

ENGLAND: Í Englandi er skólaskylda frá 5 til 16 ára. Grunnskólakerfinu er skipt í fjögur stig; 1.–3. bekkur, 4.–6. bekkur, 7.–9. bekkur og 10.–11. bekkur. Nemendur gangast undir samræmd próf á 1., 2. og 4. stigi. Fram til 2008 voru einnig próf í lok 3. stigs. Prófin eru nær eingöngu lögð fyrir á pappír. Prófað er úr fjölmörgum námsgreinum.³⁰

SKOTLAND: Í Skotlandi hefur verið innleidd sérstök áætlun um hvernig eigi að betrubæta menntakerfið og stuðla að betri menntun barna³¹. Hluti af þessum breytingum var innleiðing á samræmdu námsmati skólaárið 2017–2018 og tók það við af fjölda annarra staðlaðra prófa sem hafði verið notast við. Prófin eru lögð fyrir í öllum skólum í fjórum aldursþópum, 5–6 ára, 8–9 ára, 11–12 ára og 14–15 ára, þar sem áhersla er lögð á lestur, skrift og talnalæsi. 5–6 ára

nemendur taka aðeins próf í lestri og talnalæsi. Prófin eru aðlöguð að hæfni nemenda, svokölluð aðlöguð próf, og hafa það grundvallarmarkmið að veita endurgjöf til kennara og vera þannig hluti af stærri endurgjöf skóla til foreldra og nemenda. Hægt er að leggja prófin fyrir hvenær sem er á skólaárinu, í upphafi skólaárs eða um mitt skólaárið ef kennari vill taka stöðuna og ákvarða um framhaldið þegar kemur að kennslu. Einnig er hægt að leggja þau fyrir í lok skólaárs til að sjá hvernig nemendum hefur gengið áður en þeir færa sig yfir í næsta bekk til að veita upplýsingum áfram til næsta kennara. Það eru engin tímatakmörk á prófunum en flestir nemendur ljúka við prófin innan 45 mínútna. Niðurstöðurnar eru ekki til opinberrar birtingar né til samanburðar á skólum. Þó er hægt að nálgast stöðu bekkjar eða hópa innan skólans og upplýsingar um stöðu á sveitarstjórnarstigi eða eftir hópum og hverfum. Einnig geta opinber yfirvöld aflað gagna til að fá heildarsýn á kerfið.

ONTARIO, KANADA: Kanada er skipt upp í tíu ríki sem hvert hefur stjórn yfir eigin menntakerfi. Það veldur því að menntakerfi ríkjanna eru hvert með sínum hætti. Í Ontario eru lögð fyrir samræmd próf í 3. bekk, 6. bekk, 9. bekk og 10. bekk. Í 6. bekk eru lögð fyrir próf í stærðfræði og tungumálum. Tungumálaprófinu er skipt í fjóra hluta og stærðfræði í tvo hluta. Taka þarf prófin í réttri röð en ekki þarf að taka þau á sama degi eða sama tíma. Í 9. bekk er stærðfræðipróf í tveimur hlutum, klukkustund hvor hluti. Heimilt er að nota allt að 30% af niðurstöðum prófsins sem hluta af lokaeinkunn eftir því hvað kennari, skóli eða skólanefnd ákveður. Í 10. bekk er hæfni í læsi könnuð þvert á námsgreinar.³² Niðurstöður þess ráða úrslitum um útskrift úr skóla. Prófin eru ekki rafræn.

HOLLAND: Í Hollandi eru haldin ýmis samræmd próf og sjá nokkur fyrirtæki um fyrirlögn og samningu prófa. Við tólf ára aldur eru lögð fyrir próf sem eru ráðgefandi um frekara nám nemenda. Bóknám og starfsnám eru aðgreind á þessum tímamarki. Próf sem fylgjast með framvindu nemenda í námi eru lögð fyrir tvisvar á ári. Lokapróf eru við lok unglingsstigs. Önnur próf eru stöðupróf í móðurmáli, stærðfræði og ensku sem erlendu tungumáli. Þau eru valfrjálgs og nemendur geta þreytt þau í prófagluggum (fjögur til sex á ári).

²⁹ Í Noregi hefur frá árinu 2007 verið notast við prófakerfi sem þróað er af samstarfsaðila Udir; Inspira.

³⁰ Prófin sem lögð eru fyrir á fyrstu tveimur stigunum eru svokölluð Standard Assessment Tests eða SATs í daglegu tali. Prófin sem lögð eru fyrir á fjórða stigi eru kölluð General Certificate of Secondary Education eða GCSEs í daglegu tali.

³¹ Þessi áætlun er kölluð National Improvement Framework.

³² Prófið til að kanna hæfni í læsi kallast OSSLT (Ontario Secondary School Literacy Course).

7. Niðurlag

Í skýrslunni er greint frá tillögum starfshóps um samræmd könnunarpróf en þær fela í sér allnokkrar breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Starfshópurinn telur tillögur þær sem hér hafa verið lagðar fram til þess fallnar að auka gæði námsmats, gagnaöflunar og greiningar á lykilþáttum og umbótum fyrir skólakerfið í heild og að þær tryggi betur en núverandi kerfi gagnsemi niðurstaðna meðal haghafa hvar sem er í kerfinu. Starfshópurinn telur einnig að með nýju fyrirkomulagi ytra námsmats skapist mikilvægir möguleikar, meðal annars við innra námsmat í grunnskólum. Ef vel er að verki staðið geti *matsferill*, það er heildstætt safn matstækja með fjölbreyttum prófum og verkefnum, fallið mjög vel að skólastarfi þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og námsmat með umbætur að leiðarljósi.

Starfshópurinn telur að mörg lítil próf og verkefni falli betur að daglegu skólastarfi en stór próf, að þau geti dregið úr líkum á kvíða og öðrum fylgifyskum stórra prófa og úr vinnuálagi kennara kjósi þeir að nota þau í stað skólaprófa. Auk þess muni niðurstöður fjölbreytts námsmats í *námsferlinum*

veita nemendum, forsjáraðilum, skólum, sveitarfélögum og fræðsluyfirvöldum heildstæðari, fjölbreyttari, mikilvægari og traustari upplýsingar en núverandi fyrirkomulag gerir.

Starfshópurinn vill ítreka mikilvægi þess að þarfir og velferð nemenda séu ávallt hafðar í fyrirrúmi við hönnun, framkvæmd og fyrirlögn samræmds námsmats í grunnskólum enda er það í samræmi við stefnu stjórnvalda. Það er einnig í samræmi við það sem fram kemur í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) frá árinu 2013 um að nemendur séu settir í forgang og að tilgangur námsmat sé að bæta nám nemenda í samráði við þá sjálfa. Í samtali starfshóps við ungmenni kom fram sterkur vilji um að samræmt námsmat væri sniðið að þörfum þeirra.

Starfshópurinn vill koma á framfæri þakklæti til allra sem tóku þátt í að móta þær tillögur sem hér eru settar fram. Hann minnir jafnframt á mikilvægi þess að byggja upp sátt og samstöðu meðal allra hlutaðeigandi um útfærslu þeirra.



Heimildir

- Auður Lilja Harðardóttir. (2017). *Námsmat í skólum án aðgreiningar. Fagmennska, viðhorf og starfshættir umsjónarkennara á yngsta stigi*. M.Ed.-ritgerð: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrá, nr. 760/2011. Sótt af: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=-756d8a29-0eaa-46e2-9de3-4dd8aca83f17>
- Björk Ólafsdóttir. (2016). Tilurð og þróun ytra mats á Íslandi frá 1991 til 2016. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/14_ryn_arsrit_2016.pdf
- Erna Ingibjörg Pálsdóttir. (2006). Námsmat í höndum kennara. M.Ed.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, kennaradeild.
- Erna Ingibjörg Pálsdóttir. (2011). *Fjölbreyttar leiðir í námsmati. Að meta það sem við viljum að nemendur læri*. Reykjavík: IÐNÚ.
- Eurydice. (2009). *National Testing of Pupils in Europe: Objectives, Organisation and Use of Results*. EACEA P9 Eurydice. DOI 10.2797/18294. Brussels.
- Kerr, P. (2016). Personalization of language learning through adaptive technology: Part of the Cambridge Papers in ELT series. Cambridge: *Cambridge University Press*.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.
- Lög um fræðslu barna nr. 40/1930.
- Lög um fræðslu barna nr. 94/1936.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu nr. 22/1946.
- Lög, reglugerðir og verklagsreglur um skólamál: <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/log-og-reglugerdir/>
- María Steingrimsdóttir. (2011). Fjölbreyttar leiðir í námsmati. Reykjavík: *Uppeldi og menntun*, 20(2), 153–157. Sótt af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=5691002
- Mariyana Nikolova. (2012). Characteristics and Forms of the Electronic Assessment of the Knowledge Proceedings. *Mathematics, Informatics and Physics* 51(6.1), bls. 93–98.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálastofnun. (e.d.). 11. *Niðurstöður, notkun gagna og opinber birting*. Sótt af: <https://mms.is/11-nidurstodur-notkun-gagna-og-opinber-birting> 12. febrúar 2019.

- Meyvant Þórólfsson, Ingvar Sigurgeirsson og Jóhanna Karlsdóttir. (2009). Tilgangur námsmats. Rannsókn á stefnumörkun grunnskóla. Ráðstefnurit: Rannsóknir – Nýbreytni – Þróun. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: <https://skemman.is/bitstream/1946/10874/1/tilgangur.pdf>
- OECD. (2009). *Evaluation and assessment frameworks for improving school outcomes common policy challenges*. Sótt af <https://www.oecd.org/education/school/46927511.pdf>
- OECD. (2013). *Synergies for Better Learning. An International Perspective on Evaluation and Assessment*. OECD Publishing, Paris. DOI:<https://dx.doi.org/10.1787/9789264190658-en>
- Popham, W. J. (2009). Assessment literacy for teachers: Faddish or fundamental? *Theory into Practice*, 48(1), 4–11.
- Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017.
- Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.
- Rúnar Sigþórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum*. Doktorsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2014). *Ef að er gáð. Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla*. Doktorsritgerð: Háskóli Íslands.
- Van der Kleij, F. M., Feskens, R. C., & Eggen, T. J. H. M. (2015). Effects of Feedback in a Computer-Based Learning Environment on Students' Learning Outcomes: A Meta-Analysis. *Review of Educational Research*, 85(4), 475–511.
- Þingskjal nr. 284 – 29. mál. Löggjafarþing 2017–2018. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um samræmd próf. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/148/s/0284.html%20-%20148.%20löggjafarþing%202017-2018>
- Þingskjal nr. 319 – 285. mál. Löggjafarþing 2007–2008. Frumvarp til laga um grunnskóla. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/135/s/0319.html>
- Þóra Björk Jónsdóttir. (2008). *Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat*. Akureyri: Höfundur.

Viðauki I: Lesferill


Í tillögum starfshópsins er mælt til þess að við þróun rafræns námsmats fyrir grunnskóla verði horft til þess hvernig matsferillinn Lesferill er byggður upp. Menntamálastofnun tók eftirfarandi efni saman fyrir starfshópinn.

Lesferill er heiti á heildstæðu safni matstækja sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga, bæði innan og utan stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta hæfni þriggja til sextán ára nemenda í grunnþáttum læsis; lesfimi, lesskilningi, ritun, orðaforða og málskilningi. Vinna við Lesferil hófst í október 2015 og gert er ráð fyrir að hann verði kominn í fulla notkun haustið 2021. Efnið í Lesferli er rafrænt, einfalt í fyrirlögn, skólum að kostnaðarlausu og hægt er að velja hvaða próf eru lögð fyrir nemendur á hverjum tíma.

Haustið 2015 var hafist handa við að búa til rafrænt mælitæki til að meta lestrarkunnáttu og framvindu nemenda í lesfimi, lesskilningi, orðaforða, stafsetningu og ritun og til að skima fyrir lestrarerfiðleikum. Lesferill inniheldur bæði stöðupróf og skimanir. Yfirheiti yfir öll próf tengd læsi er Lesferill. Fyrsta útgáfa af lesfimiþrófunum var lögð fyrir haustið 2016

en þau mæla lestrarhraða, hrynjandi og nákvæmni. Lesfimiþrófin eru hönnuð þannig að almennir kennarar leggja þau fyrir nemendur þrisvar sinnum yfir skólaárið, það er í september, janúar og maí. Tvær prófútgáfur voru gerðar fyrir hvern bekk grunnskóla og er sama útgáfan lögð fyrir að hausti og vori en önnur útgáfa í janúar. Lesfimiviðmiðin voru ákveðin út frá stöðlun og eftir ráðgjöf frá sérfræðingum og fræðimönnum. Til stendur að endurskoða þau á næstu misserum.

Full stöðlun á prófum sem þessum tekur nokkur ár og byggir á gögnum úr fyrirlögn þeirra. Sem dæmi þarf í stöðlunarferli að jafna þyngdarstig prófa með útreikningum sem tryggja stíganda í þyngd milli árganga. Rétt er að ítreka að Lesferill er hluti af afmörkuðu námsmati á lestrarfærni nemenda. Notkun þess er valkvæð.



Mynd 1. Skýringarmynd Menntamálastofnunar á matsferli í læsi.

Lesfímiviðmið um fjölda rétt lesinna orða á mínútu fyrir alla bekkji voru birt á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. Viðmiðin tilgreina hvað eðlilegt væri að 90% nemenda ættu að lágmarki að ná að lesa mörg rétt orð við lok skólaárs, hverju gera má ráð fyrir að helmingur nemenda nái og loks er skilgreind lesfími sem sá fjórðungur nær sem best stendur í lestri. Eins og áður segir er hér um að ræða einn þátt lesturs en önnur próf meta lesskilning, þörf fyrir stuðning og aðra mikilvæga þætti lesturs.

Margir lögðu hönd á plóginn við gerð, stöðlun og úrvinnslu niðurstaðna prófanna auk sérfræðinga Menntamálastofnunar. Má þar nefna nemendur og kennara sem tóku þátt í fyrstu stöðluninni, sérfræðinga frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, sérfræðinga frá Miðstöð skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri, lestrarkennara víða að af landinu og sérkennara. Samráðshópar voru skipaðir fagaðilum er komu að gerð lesfímiviðmiða sem og lesfímiprófa.

Vorið 2017 voru í fyrsta sinn í sögu menntamála á Íslandi til áreiðanlegar upplýsingar um stöðu og framfarir allra grunnskólanemenda í lestri en áriðandi er að taka fram að túlkun þessara gagna takmarkast mjög af skorti á langtímagögnum. Svo dæmi sé tekið er ekki hægt að segja með neinni vissu hvort góðar niðurstöður í fjórða bekk séu vegna þess að árgangurinn standi vel að vígi í lestri eða hvort aðrar skýringar liggja að baki.

Næstu skref varðandi Lesferil

Haustið 2018 lauk vinnu við stuðningsprófin *Mat á orðleysulestri* og *Mat á sjónrænum orðaforða* sem styðja kennara við frekari skimun á stöðu nemenda. *Stafsetningarprófagrunnur* er nú í stöðlun fyrir 3.–10. bekk og verið er að þróa ramma fyrir mat á ritun. HLJÓM-2, *Orðarún*, *Orðalykill* og *Lesmál* standa skólum til boða og er unnið að því að gera þessi próf aðgengileg á rafrænu formi auk rafrænnar úrvinnslu í gegnum Skólagátt.

Lesferilsvefurinn er í vinnslu en hann mun innihalda íhlutunarefni sem nýtist kennurum og foreldrum til að bregðast við niðurstöðum matstækja *Lesferils*. Vefurinn mun einnig innihalda fjölbreytta fræðslu, verkefni og verkfæri til að efla mismunandi þætti læsis.

Þátttaka og skýrslur

Haustið 2016 var þátttaka í lesfímiprófunum um 70% í 2.–9. bekk en minnst var hún í 1. og 10. bekk. Þetta mynstur í þátttöku hefur haldist nokkuð stöðugt, það er að minnst þátttaka er í 1. og 10. bekk í september en mest í 2. og 3. bekk í maí. Þátttaka í prófunum hefur aukist jafnt og þétt og í janúar 2018 tóku rúmlega 90% nemenda lesfímiprófin en í maí 2018 voru það 92%. Í lok hvers fyrirlagnartímabils eru gefnar út skýrslur með heildarniðurstöðu á landsvísu.

Með þessum prófum fá kennarar og skólastjórnendur í hendur verkfæri til að halda utan um lestrarferil allra nemenda frá 1.–10. bekk. Þannig geta þeir gefið foreldrum greinargóðar upplýsingar um stöðu nemenda í lestri og hvernig lestrarferill þeirra þróast.

Skólagátt – Gagnagrunnur

Menntamálastofnun hefur lagt mikla áherslu á að kennarar fái aðgengileg og nothæf vinnugögn í kjölfar prófanna. Þegar prófinu er lokið slá kennarar inn niðurstöður lesfímiprófs í *Skólagátt*, gagnagrunn Menntamálastofnunar, og fá aðgang að niðurstöðum bæði í töflu og súluriti þar sem fram kemur staða og framfarir nemenda yfir skólaárið. Skólastjórnendur fá yfirlit yfir alla bekkji skólans. Sjá mynd 2.

Með því að byggja á ítarlegum upplýsingum um stöðu bekkja og hvers nemanda geta skólastjórnendur, kennarar og skólar mótað áherslur í lestrarkennslu og komið betur til móts við við þarfir einstakra nemenda.



Mynd 2. Dæmi um birtingu niðurstaðna úr lesfímiprófum í *Skólagáttinni*, gagnagrunni Menntamálastofnunar.

Viðauki II: Lykilhugtök

Skilgreiningu eftirfarandi hugtaka er ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi á því efni sem fjallað er um skýrslunni.

Innra mat (e. internal evaluation): Innra mat felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólustarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Í innra mati er það skólinn sjálfur sem leitast við að meta starf sitt að hluta eða í heild og starfsfólkið tekur þátt í öllu matsferlinu.

Ytra mat (e. external evaluation): Í ytra mati felst að utanaðkomandi leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Skoðuð eru fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, úttektaraðilar heimsækja skóla og taka viðtöl við nemendur, starfsfólk og foreldra. Ytra mat beinist að skólanum og skólafólkinu og þátttaka starfsfólks er yfirleitt fyrst og fremst þess eðlis að veita upplýsingar. Niðurstaða ytra mats er oft í formi skýrslu sem getur verið birt opinberlega og er fylgt eftir með umbótamiðuðu starfi innan skólans.

Samræmd próf (e. standardized tests eða national tests): Í 2. grein reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla er samræmt könnunarpróf skilgreint sem „próf sem metur hæfni með sama hætti og við sambærilegar aðstæður í námsgreinum“. Forsendur fyrir samræmdu námsmati eru að inntak prófanna sé byggt á aðalnámskrá grunnskóla í hverri námsgrein, þau séu sambærileg milli ára og skipulagseininga og að umgjörð prófa sé sambærileg. Þeim er ætlað að meta hæfni nemenda með sama hætti og við svipaðar aðstæður hverju sinni.

Einstaklingsmiðað nám (e. individualized eða personalized learning): Í umfjöllun um skólustarf hafa löngum tekist á tvær andstæðar hugmyndir. Í stuttu máli má segja þetta sé annars vegar hugmyndin um staðlað og skilvirkt menntakerfi þar

sem markmið og viðmið eru samræmd og skilgreind nákvæmlega og hins vegar hugmyndin um nám í anda félagslegrar hugsmíðahyggju, hugmynda Dewey og annarra sem gjarnan eru kenndir við framsækni, þar sem nám er sniðið að þörfum, áhuga og getu hvers og eins, nemendur eru virkir þátttakendur í náminu og skipulagi þess og áhersla lögð á ábyrgð nemenda og frumkvæði. Hið síðarnefnda er almennt kallað einstaklingsmiðað nám. Á þeim grunni er kallað eftir námsmati sem getur veitt hverjum nemenda endurgjöf á eigin forsendum og með þeim sveigjanleika sem hentar hverjum nemanda eða því sem kalla má einstaklingsmiðað námsmat. *Leiðsagnarmat* er talið henta vel í námi sem er einstaklingsmiðað.

Aðlöguð próf (e. adaptive tests): Rafræn próf gefa kost á því að meta hæfni nemenda á annan hátt en hægt er að gera með hefðbundnum prófum á pappír eða svokölluðum línulegum prófum. Ein gerð slíkra prófa eru kölluð *aðlöguð próf* sem þróuð eru með aðstoð gervigreindar. Þá taka spurningarnar eða verkefni sem birtast á skjá nemanda mið af árangri í fyrri spurningum og prófið aðlagast sjálfkrafa að getu og frammistöðu nemandans. Aðlöguð próf krefjast þess að búin séu til bæði fjölbreytt prófatríði og stór verkefnabanki.

Leiðsagnarmat (e. formative assessment): Leiðsagnarmat samanstendur af fjölbreyttu námsmati sem fer fram meðan á námi stendur en ekki í lok þess. Leiðsagnarmat er samofið námi og kennslu með umbætur að leiðarljósi. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir að megintilgangur námsmats sé að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verði náð. Enn fremur segir að námsmat eigi að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skóla-yfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem megi hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Lögð er áhersla á að nemendur velti reglulega fyrir sér námi

³³ Þessi samantekt byggist einkum á eftirfarandi skrifum um námsmat: Björk Ólafsdóttir, 2016, Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, OECD, 2013, María Steingrímsdóttir 2011, Rúnar Sigbórsson, 2008, Sigríður Sigurðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2014, og Þóra Björk Jónsdóttir, 2008.

sínu með kennurum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Lokamat (e. summative assessment): Lokamat metur árangur nemenda í lok náms eða námstíma. Markmið þess getur verið að velja eða raða nemendum eftir árangri eða staðfesta nám eða námslok.

Áhættupróf eða hagsmunatengd próf (e. high-stakes tests): Próf sem hafa afleiðingar fyrir nemendum, kennara eða skóla eru kölluð *áhættupróf* eða *hagsmunatengd próf*. Við vissar aðstæður eru þau kölluð *inntökupróf*. Niðurstöður samræmdra prófa á Íslandi hafa ekki þetta vægi en stutt er þó síðan niðurstöður þeirra voru notaðar við innritun í framhaldsskólum. Mörg lönd nota samræmt námsmat sem grunn fyrir ákvörðun um frekara nám nemenda og skilyrða val nemandans á næsta skólastigi.

Hæfniviðmið (e. learning outcomes): Með hæfniviðmiðum er skilgreind *hæfni* sem gert er ráð fyrir að nemendur hafi tileinkað sér við lok náms. Þá hæfni á að vera hægt að meta og mæla. Hæfniviðmið ná til þekkingar og leikni í afmörkuðum þáttum, vinnubrögðum og félagsþroska. Í þeim er gerð krafa um sértæka og almenna menntun. Kennsluhættir í skólum eiga að taka mið af hæfniviðmiðum. Hæfniviðmið sem fela í sér þekkingu og leikni innan hvernar greinar eru skráð í aðalnámskrá. Þar er tilgreint hvaða hæfni innan námssviðs nemandi á að búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Lokahæfniviðmið í grunnskóla er fyrsta hæfniviðmið framhaldsskóla. Hæfniviðmið eru skráð þannig að nemandi geti gert sér grein fyrir því að hvaða hæfni hann stefnir.

Innra og ytra námsmat: *Innra námsmat* fer fram innan skólans og er búið til og framkvæmt af starfsmönnum hans. *Innra námsmat* er breytilegt frá einum skóla til annars, jafnvel milli kennara eða námsgreina innan sama skóla. Auk þess er umgjörð þess, umfang og framkvæmd mjög breytileg. Kostir þess eru sveigjanleiki, hægt er að sníða það eftir þörfum nemendahópa, áherslum eða efnistöfum í námi og kennslu hverju sinni. Hins vegar eru niðurstöður þess ekki sambærilegar milli skóla, árganga eða námsgreina innan sama skóla. *Ytra námsmat* líkt og samræmd könnunarpróf gegnir öðru hlutverki en námsmat sem fram fer innan skóla. Megintilgangur þess er að veita sambærilegar niðurstöður milli námsgreina, skóla og ára. Rétt er að taka fram að innra og ytra námsmat getur hvort um sig verið notað sem lokamat og leiðsagnarmat.³⁴

Námsmatsrammi (e. assessment framework): *Námsmatsrammi* veitir ítarlegar upplýsingar um markmið og hlutverk alls *ytra námsmats* á tilteknu skólastigi.

Námsmatslæsi (e. assessment literacy): *Námsmatslæsi* felst í færni og þekkingu sem er nauðsynleg innan skólasamfélagsins til að skilja og vinna með námsmat. Það getur átt við um grunnskilning á aðferðafræði, þekkingu á prófagerð, þekkingu á aðferðum námsmats, innsýn í prófafafræði og fleira. Mikilvægt að skilja annmarka og tilgang mismunandi mælitækja sem beitt er til að veita nemendum endurgjöf. Til dæmis er mikilvægt fyrir kennara að þekkja vel til námsmatsaðferða til að velja viðeigandi aðferð í samræmi við kennsluhætti.³⁵

³⁴ Sjá til dæmis umfjöllun í skýrslu OECD, 2013, bls. 141.

³⁵ Sjá til dæmis Popham, 2009.

Viðauki III: Samantekt yfir stöðluð próf í íslensku skólakerfi

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvaða stöðluð próf eru lögð fyrir eða hafa verið lögð fyrir í íslensku skólakerfi síðustu ár. Eftir því sem nemendur eldast eru færri próf lögð fyrir.

Próf	Skólastig	Aldur	Tilgangur
Brigance	Leikskóli	2, 5–4 ára	Skólafærni, samskiptafærni, hreyfifærni
PEDS	Leikskóli		Skimun á þroska og hegðun
Orðaskil	Leikskóli	18–36 mánaða	Prófun á málþroska – byggir á gátlista um orðaforða
TRAS	Leikskóli	2–5 ára	Skimun eftir frávikum í mál- og félagsþroska
LOGOS	Grunnskóli		Greina lestrarerfiðleika
EFI-2	Leikskóli	3 ára	Málþroskaskimun
Íslenski þroskalistinn	Leikskóli	3–6 ára	Mál- og hreyfiþroski
Íslenski smábarnalistinn	Leikskóli	15–38 mánaða	Mál- og hreyfiþroska og sjálfstjórn
Málhljóðapróf bóru Másdóttur	Leikskóli	2, 6–7 og 11 ára	Metur færni til að mynda stök málhljóð og samhljóðaklasa í mis löngum orðum
Málfærni eldri leikskólabarna (í þróun)	Leikskóli	4–6 ára	Almennur málþroski
Lesferill	Skólastig	Aldur	Tilgangur
Lesfimi	Grunnskóli		Lesfimi
Stuðningspróf (orðleysur og sjónrænn orðaforði)			Lesfimi
Lesskimun fyrir 1. bekk (Leið til læsis)	Grunnskóli	1. bekkur	Skimun á undirstöðupáttum lestrarnáms
Hljóm-2	Leikskóli	5 ára	Athugun á hljóðkerfisvitund
Orðarún	Grunnskóli	3.–8. bekkur	Lesskilningur
Orðalykill	Grunnskóli	1.–10. bekkur	Orðaforði
Lesmál	Grunnskóli	2. bekkur	Lestur og réttitun
Réttitun – mat á stafsetningu	Grunnskóli	3.–10. bekkur	Stafsetning
GRP-14h	Grunnskóli		Skimun á erfiðleikum við ritmál
TOLD-2P/2I	Grunnskóli		Skimun á málþroskahæfni
Talnalykill	Grunnskóli		Athugun á kunnattu í námsþáttum stærðfræði

Aðrar mælingar	Skólastig	Aldur	Tilgangur
Samræmd könnunarpróf	Grunnskóli	4., 7. og 9. bekkur	Mat á þekkingu og hæfni nemenda í íslensku, stærðfræði og ensku
Ungt fólk	Grunn- og framhaldsskóli		Rannsókn á líðan og félagslegum þáttum meðal nemenda
Skólapulsiinn	Leik- og grunnskóli		Viðhorf til skólustarfsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk
Ytra mat	Leik- og grunnskóli		Leiðbeinandi og umbótamiðað heildar- mat á skólustarfi
PISA	Grunnskóli		Rannsókn á hæfni nemenda í lestri, náttúrufræði og stærðfræði
TALIS	Grunnskóli		Mat á starfsháttum kennara og skóla- stjórnenda grunnskóla
PIRLS	Grunnskóli		Rannsókn á læsi 9 ára barna
TIMMS	Grunnskóli		Náttúrufræði í 9. bekk (Ísland tók einu sinni þátt)



Viðauki IV: Mat og eftirlit — Sögulegt yfirlit yfir stöðluð próf í íslensku skólakerfi

Áhersla á mat og eftirlit með skólastarfi hér á landi hefur aukist á síðustu árum líkt og víðast hvar annars staðar.³⁶ Slík þróun á sér meðal annars skýringar í þeim tækifærum sem ný tækni hefur skapað, aukinni þekkingu á gæðastjórnun og auknum alþjóðlegum samanburði á menntakerfum. Mat og eftirlit með skólastarfi á sér sögu hér á landi frá árinu 1936 þegar í fyrsta skipti var kveðið á um eftirlitsmenn með barnafræðslu í lögum. Þar voru eftirlitsmenn kallaðir námstjórar. Þá átti að skipa þegar fé væri veitt til þess í fjárlögum. Hlutverk þeirra var meðal annars að annast eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Hlutur mats og eftirlits í skólastarfi jókst smám saman og aukin krafa var gerð í lögum og reglugerðum.

Lög um grunnskóla 1974: Í lögum um grunnskóla frá 1974 var landinu skipt í átta fræðsluumdæmi. Í hverju þeirra var skipað fræðsluráð og fræðslustjóri sem var fulltrúi menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu. Fræðslustjóri hafði meðal annars með höndum almenna námstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgdist með árangri nemenda, úrskurðaði um ágreiningsefni milli skólastjóra og kennarafundar og hafði umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Í lögum frá 1974 er einnig kveðið á um námstjóra sem skyldu leiðbeina um kennslu í grunnskólum og fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum. Námstjórnarnir voru starfsmenn menntamálaráðuneytis og skyldu ráðnir eftir því sem þörf var á og fé var til á fjárlögum. Námstjórar störfuðu hjá ráðuneytinu allt til ársins 1995.

Nefnd um mótun menntastefnu 1994: Árið 1994 kom út hjá menntamálaráðuneyti skýrslan *Nefnd um mótun menntastefnu*. Í henni er meðal annars fjallað um altæka gæðastjórnun og bent á að hún geti nýst skólum þar sem slíkar stjórnunaraðferðir feli í sér stöðugar umbætur í formi markmiðssetningar, greiningar á ríkjandi ástandi, tillögugerð og prófunum

í nánu samstarfi við kennara. Í skýrslunni er einnig fjallað um mat og eftirlit með skólastarfi og meðal annars bent á að eftirlit með skólastarfi hafi verið vanrækt hér á landi. Ekki sé nægileg vitneskja um innra starf skóla, árangur af skólastarfinu eða viðhorf foreldra og kennara til þess. Þá er bent á mikilvægi þess að ráðuneytið haldi uppi reglulegu eftirliti með skólastarfi og standi reglulega fyrir heildarmati á skólakerfinu.

Sjálfsmat skóla 1995: Í lögum um grunn- og framhaldsskóla sem tóku gildi 1995 og 1996 er í fyrsta sinn kveðið á um að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið og að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneyti hafa frumkvæði að gerð úttekta á aðferðum skóla til sjálfsmats. Viðmið fyrir sjálfsmat skólana voru birt í aðalnámskrám og bæklingi um sjálfsmat sem ráðuneytið gaf út. Í lögum um grunnskóla er í fyrsta sinn að finna ákvæði um að hver grunnskóli skuli gefa út skólanámskrá. Í bæklingi um sjálfsmat skóla er bent á að gerð, framkvæmd og endurskoðum skólanámskrár sé mikilvægur grundvöllur að sjálfsmati hvers skóla. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, endurskoða þau og stuðla að umbótum.

³⁶ Mat á skólastarfi hefur verið skilgreint sem „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“ Í mati felst að felldur er dómur um gæði út frá skilgreindum viðmiðum. Eftirlit með skólastarfi felst almennt í kerfisbundnu eftirliti með því að skólar starfi samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrám.

Mat og eftirlit í lögum um grunnskóla 2008:

Meginsjónarmið í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er að börnum á skólaskyldualdri séu búnar kjöraðstæður til náms og þroska og að sköpuð séu skilyrði til að mæta kröfum um þekkingu og færni nemenda svo að menntun þeirra standist alþjóðlegan samanburð. Horft var til reynslunnar af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 og leitast við að styrkja enn frekar forræði og ábyrgð sveitarfélaga á rekstri skóla jafnframt því sem sjálfstæði grunnskóla er undirstrikað. Leitast er við að auka gæði skólustarfs með því meðal annars að setja í lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla kafla um mat og eftirlit.

Í lögnum eru markmið mats og eftirlits með gæðum skólustarfs í grunnskólum skilgreind. Þau eru að veita upplýsingar um skólustarf, árangur þess og þróun til viðeigandi aðila, tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, auka gæði náms og skólustarfs, stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Ákvæði um að sérhverjum grunnskóla beri að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins eða einstaka þætti þess var sett í lög 1995 og er einnig að finna í lögnum 2008. Gert er ráð fyrir að starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í innra mati grunnskóla eftir því sem við á. Upplýsingar um niðurstöður innra mats grunnskóla og

umbótaáætlanir skulu birtar opinberlega. Sett var inn ákvæði um hlutverk sveitarfélaga en samkvæmt lögnum er þeim ætlað að hafa mat og eftirlit með gæðum skólustarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahalds, innra mat skóla og fleira.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur yfirmensjón með mati og eftirliti með skólalahaldi á grunnskólastigi og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um starf í grunnskólum, eftir atvikum hvað varðar einstaka skóla eða tiltekna þætti skólustarfs. Ráðuneytið á að beita sér fyrir könnunum og úttektum sem miða að því að afla þekkingar og vitneskju um framkvæmd þessara laga og skólustarfið almennt. Þá skal ráðuneytið gera áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir er veita upplýsingar og skapi grundvöll fyrir greiningu á framkvæmd og stöðu skólalahalds m.a. í ljósi markmiða aðalnámskrár og skipuleggja þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknunum.

Með því að ráðuneytið aftar kerfisbundið samanburðarhæfra upplýsinga frá grunnskólum og sveitarfélögum og birtir þær opinberlega ásamt greiningu á stöðu skóla og sveitarfélaga er stuðlað að virku aðhaldi og eftirliti með gæðum skólustarfs. Einnig sinnir ráðuneytið með áætlunum til þriggja ára um úttektir og kannanir mati og eftirliti með gæðum menntunar í grunnskólum almennt og einnig skólalahaldi í einstökum skólum eða sveitarfélögum. Hlutverk ráðuneytisins er jafnframt að skipuleggja samræmt námsmat í grunnskólum og þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknunum.

Viðauki V: Saga formlegra prófa frá fræðsluskyldualdri 1907

Löng hefð er fyrir formlegu prófahaldi á Íslandi. Þegar í lögum frá 1907, undirrituð af Friðriki áttunda Danakonungi, segir í 14. gr. að árlega skuli halda próf um kunnáttu skólabarna í hverju skóla- og fræðsluhéraði og að við próf skuli jafnan vera prófdómari skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Próf átti að halda að vori og ákvað prófdómari stað og tíma. Öll börn á aldrinum 10 til 14 ára áttu að mæta til prófs og þau börn sem höfðu lokið lögskipuðu námi gátu fengið vottorð um kunnáttu sína. Það barn sem ekki hafði fengið lögskipaða kunnáttu eins og segir í lögnum átti hins vegar að koma árlega

til prófs uns það stæðist prófið eða þar til það væri fullra 16 ára. Í lögum frá 1930 og 1936 eru svipuð ákvæði um tilhögun prófa og prófdómara, aldur barna sem fara í próf er 8 til 14 ára. Í lögnum frá 1936 er svo kveðið á um að mæti barn ekki til prófs sé heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra til þess að barnið verði prófað og að beita megi sektarákvæðum. Í lögnum er í fyrsta skipti kveðið á um eftirlitsmenn með barnafræðslunni og skulu þeir kallast námstjórar. Þá átti að skipa þegar fé væri veitt til þess í fjárlögum.³⁷

Fræðslulög 1946: Fræðslulög nr. 22/1946 voru í gildi í tæplega 30 ár eða allt til ársins 1973 þegar lög um framhaldsskóla voru samþykkt á Alþingi og 1974 þegar lög um grunnskóla tóku gildi. Það var svo ekki fyrr en 1960 sem heildstæð námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri kom út en í henni voru tilgreind markmið, námsefni í hverjum árgangi, athugasemdir um kennsluáðferðir, áhöld og hjálpargögn.³⁸

Lögin frá 1946 fyrirskipuðu samræmd próf við lok barnaskólastígs. Prófað var í lestri, stafsetningu, málfræði og reikningi. Öll börn á aldrinum 8–13 ára voru prófskyld. Próf 10 og 13 ára barna, þ.e. lokapróf við lokyngri og eldri deildar barnaskóla, fóru fram undir eftirliti prófdómara skipaðra af fræðslumálastjóra. Voru þetta landspróf í a.m.k. íslensku og reikningi og annaðist fræðslumálastjóri val og útsendingu verkefna.

Landspróf miðskóla – inntökupróf í menntaskóla og hliðstætt nám:

Landspróf miðskóla var tekið upp árið 1946 og var reglugerð um landspróf miðskóla nr. 51/1947 sett á grundvelli laganna. Um var að ræða samræmd próf í átta námsgreinum og var landsprófið eins konar inntökupróf í menntaskóla og hliðstætt nám. Árið 1968 hófust samræmd gagnfræðapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og annaðist þau sérstök nefnd. Haustið 1973 var prófanefnd menntamálaráðuneytisins skipuð og tók hún við hlutverki þeirra nefnda sem höfðu annast landspróf og samræmd gagnfræðapróf. Landspróf miðskóla var haldið í síðasta skipti vorið 1976 og samræmd gagnfræðapróf 1977.

Samræmd könnunarpróf og stöðluð próf 1974:

Árið 1974 tóku gildi ný lög um grunnskólann. Skóla-skyldan var lengd um eitt ár og varð því níu ár eftir

³⁷ Lög um fræðslu barna frá 1907, lög nr. 40/1930 og lög um fræðslu barna nr. 94/1936.

³⁸ Lögin nr. 22/1946, námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri 1960.

gildistöku laganna. Í lögum um grunnskóla nr. 63/1974 með áorðnum breytingum segir í 58. gr. að menntamálaráðuneytið skuli leggja grunnskólum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a.m.k. móðurmáli og stærðfræði. Skal einkum miðað við að prófin veiti glögga vitneskju um árangur skólstarfsins á þeim stigum þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Greinargerð með lagafrumvarpi

Í frumvarpinu er svohljóðandi umfjöllun um 59. grein laganna:³⁹

Greinin miðar að því, að bráður bugur verði undinn að því að útvega skólum samræmd könnunarpróf og stöðluð próf, ásamt sérfræðilegum leiðbeiningum um námsmat. Aðaltilgangur slíkra aðgerða er að auðvelda skólunum sjálfum, þ. e. kennurum og skólastjóra, að meta árangur skólstarfsins og finna, hvar skórin kreppir í starfi skólans. Einnig mætti hafa samræmd og stöðluð próf til hliðsjónar, þegar einkunnir eru gefnar í yfirlitsnámsmati.

Vert er að benda á það, að stöðlun prófa er afar tímafrekt og vandasamt verk, og verður í því efni að gera ráð fyrir löngum undirbúningstíma. Stöðlun prófs í einhverri grein hefst með söfnun fjölda prófatriða, sem síðan eru lögð fyrir úrtak nemenda, sem eru valdir samkvæmt tilteknum fræðilegum reglum, til að vera fulltrúar stærri nemendahóps, t. d. aldursárgangs í grunnskóla. Að lokinni þessari forprófun eru síðan valin nokkur prófatriði, sem talin eru mæla vel kunnáttu, skilning o. s. frv., í samræmi við markmið námsins. Nánar tiltekið eru valin atriði, sem greina vel á milli kunnáttu og kunnáttuleysis, skilnings og skilningsleysis o. s. frv., og einnig er gætt að því, að atriðin séu mismunandi þung og raðað á skynsamlega stigbundinn hátt eftir þyngd. Jafnframt var þess gætt, að prófatriðin taki í eðlilegum hlutföllum yfir allt það, sem markmiðsskilgreining námsins tiltekur. Loks eru samdar bráðabirgðareglur um einkunnagjöf. Þetta próf er síðan lagt fyrir allan nemendahópinn, sem prófa á, t. d. heilan aldursárgang. Þá er venjan að meta fyrst úrlausnir tiltekins úrtaks nemenda, fyrst og fremst til að athuga, hvort prófið „komi út“ á svipaðan hátt og búizt var við eða ekki. Ef hið síðara verður reyndin, þarf að breyta bráðabirgðareglunum um einkunnagjöf, en að öðrum kosti má nota þær óbreyttar. Að öllum þessum undirbúningi

loknum eru úrlausnirnar í heild loks metnar og niðurstöður prófsins reiknaðar út og skráðar.

Kosturinn við stöðluð próf er sá, að þau „mæla“ yfirleitt mun betur en önnur próf sakir þess, að beztu prófatriðin hafa verið valin úr fjölda prófatriða samkvæmt forkönnun. Jafnframt vita menn nokkurn veginn nákvæmlega hvað þau mæla. vegna þess að prófatriðin eru gaumgæfilega valin með hliðsjón af skilgreindum kennslumarkmiðum. Í þriðja lagi geta menn vitað nákvæmlega, hvað hver einkunn merkir. Einkunnin 10 gæti t. d. verið skilgreind svo: „Umræddur nemandi er meðal hæstu 3% nemenda síns aldursflokks í námsgreininni“. (Þetta væri „relatíf“ einkunnagjöf). Væri einkunnagjöfin „absólút“, mætti t. d. skilgreina einkunnina 9, sem hér segir: „Frammistaða umrædds nemanda er á því bili, að hann skilar 85-94% réttum svörum á prófi, sem er nákvæmlega sniðið eftir kennslumarkmiðum námsgreinarinnar í tilteknum bekk grunnskóla“. Í fjórða lagi eru stöðluð próf afar auðveld í úrvinnslu, ef fyrrgreindur undirbúningur hefur verið nægur og skynsamlegur.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru að sönnu mjög eftirsóknarverður ávinningur. Ljóst er þó jafnframt, að ávinningurinn kostar mikla fyrirhöfn, og því er sagt í greininni, að „svo fljótt sem við verður komið“, skuli menntamálaráðuneytið leggja skólunum til stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði. Það er miklu minna verk og viðráðanlegra að samræma úrvinnslu prófa, sbr. það, sem að ofan var sagt um einkunnagjöf, en að staðla próf. Má búast við því, að slík samræming gæti komið til mjög fljótlega, eftir að tekin yrði ákvörðun um að taka umrædd vinnubrögð upp, t. d. einu eða tveimur árum síðar.

Nefndin taldi eðlilegt, að samræmd eða stöðluð próf á vegum menntamálaráðuneytisins yrðu miðuð við það, að námsárangur yrði metinn í hverjum þriggja ára áfanga innan grunnskólastigsins eða þar um bil, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett yrðu í reglugerð.

59. gr. frv. markar, í stuttu máli sagt, þá stefnu, að nýjar, réttmætari, áreiðanlegri og handhægari aðferðir við námsmat verði teknar upp, svo fljótt sem auðið er, í stað núverandi aðferða, sem óneitanlega skortir æðimikið á um réttmæti, áreiðanleika og einfaldleika í úrvinnslu.

³⁹ <https://www.althingi.is/alttext/93/s/pdf/0281.pdf>

Í febrúar 1977 var síðan í fyrsta sinn haldið samræmt grunnskólapróf í 9. bekk. Hver nemandi tók fjögur próf í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, stærðfræði og erlendu tungumáli og að auki gátu þeir valið á milli prófs í raungreinum eða samfélagsgreinum. Gefnar voru fimm einkunnir, A, B, C, D og E, miðaðar við normaldreifingu og ákveðið að sömu inntöku-skilyrði giltu í alla framhaldsskóla. Próf við lok barnaskóla og síðar landspróf miðskóla og samræmd grunnskólapróf hafa öll verið bæði lokapróf úr grunnskóla og inntökupróf á næsta skólastig.⁴⁰

Ný reglugerð 1985: Í reglugerð nr. 65/1985 um námsmat í grunnskóla segir að hver nemandi skuli við lok grunnskóla ganga undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Með samræmdum prófum eigi að leitast við að prófa grundvallaratriði án þess þó að það sé nánara útskýrt. Tilgangur prófanna er að láta skólum í té upplýsingar um árangur í prófgreinum á landinu öllu eða á einstökum svæðum sem gerir þeim kleift að bera prófárangur nemenda sinna saman við árangur stærri hópa og að veita framhaldsskólum upplýsingar um námsárangur nemenda til viðbótar skólamati.

Ný lög um grunnskóla 1995: Í lögum um grunnskóla frá 1995 er lagt til að aukin áhersla verði lögð á samræmt námsmat í grunnskólum. Menntamálaráðherra á að leggja skólum til samræmd próf, bæði könnunarpróf og árgangapróf, ásamt stöðluðum kunnáttuprófum til að greina stöðu nemenda og fylgjast með námsframvindu þeirra. Í lögunum frá 1995 var nýjung þess efnis að samræmd próf skuli lögð fyrir allan árgang nemenda í 4. og 7. bekk grunnskóla til viðbótar við ákvæði um fjögur samræmd lokapróf úr grunnskólum. Tilgangur samræmdra prófa í neðri bekkjum grunnskóla var að veita nemendum, foreldrum og skólum hlutlægar upplýsingar um námsframvindu nemenda þannig að hægt verði að grípa inn í snemma á námsferlinum með markvissum aðgerðum hjá þeim nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri.

Reglugerð nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum var sett á grundvelli laganna frá 1995. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í öllum 4. og 7. bekkjum. Samræmd lokapróf skyldu haldin í 10. bekk í a.m.k.

fjórum námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Öll prófin voru skylda. Menntamálaráðherra skipaði trúnaðarmenn við hvern skóla til að hafa eftirlit með fyrirlögn prófanna.

Í desember 1999 var gerð breyting á lögum um grunnskóla frá 1995 og námsgreinum til prófs í 10. bekk fjölgaði frá fjórum í sex. Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðaðist svo: „Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.“ Prófin í 10. bekk voru þar með gerð valfrjáls. Í *reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum* var kveðið á um samræmd lokapróf skyldi halda í 10. bekk í a.m.k. sex námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Þau voru leiðbeinandi fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla. Prófin voru markmiðsbundin, þ.e. tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hafði verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf var til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar.

Vorið 2001 voru haldin valfrjáls samræmd próf í fyrsta skipti í fjórum greinum, þ.e. íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Fjölgunin í sex próf kom til framkvæmda í tveimur áföngum, samræmt próf í náttúrufræði var fyrst haldið vorið 2002 og samræmt próf í samfélagsgreinum vorið 2003. Þrátt fyrir að samræmd próf í 10. bekk hafi verið valfrjáls fyrir nemendur völdu flestir þeirra að þreyta sem flest próf. Árlega þreyttu yfir 90% þeirra samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði, yfir 70% fóru í dönsku-prófið og milli 50 og 60% þreyttu próf í samfélagsfræði og náttúrufræði. Samræmd próf í 10. bekk voru viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla.

Lög nr. 91/2008 um grunnskóla: Í frumvarpi til laga um grunnskóla frá 2008 segir: „Mikilvægt er að námsmat taki mið af meiri sveigjanleika í starfsháttum grunnskóla og aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám. Námsmat má ekki vera of stýrandi varðandi kennsluhætti í skólum og skapa þarf svigrúm

⁴⁰ Lög nr. 22/1946 og Um námsmat og próf á Íslandi og öðrum Norðurlöndum frá 1978.

fyrir mat á aðra þætti en þekkingu í einstökum greinum, svo sem vinnubrögð nemenda, samskipti, tjáningu, lífsleikni og list- og verkgreinar. Samræmd próf við lok grunnskóla hafa verið gagnrýnd fyrir hversu margháttaðu hlutverki þau gegna. Erfitt sé að ná öllum markmiðum með einu og sama prófinu. Á hinn bóginn telja margir að samræmt mat sé nauðsynlegt til að nemandi fái upplýsingar um námsstöðu sína og að fram komi mat á stöðu einstakra skóla gagnvart því að uppfylla markmið aðalnámskrár. Setja þurfi skýr viðmið um árangur og meta þekkingu og færni nemenda á grundvelli þeirra. Með auknu sjálfstæði grunnskóla er eðlilegt að þeim sé treyst fyrir útskrift nemenda og að framhaldsskólar taki meira tillit til lokamats grunnskóla við innritun nemenda.

Í frumvarpinu eru felld brott ákvæði um samræmd lokapróf sem áður var m.a. ætlað hlutverk við innritun í framhaldsskóla. Í staðinn er í frumvarpinu lagt til að nemendur í 10. bekk taki könnunarpróf sambærileg þeim sem lögð eru fyrir nemendur í 4. og 7. bekk. Þau skuli lögð fyrir nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar þannig að þau nýtist bæði nemendunum og skólum í starfi þeirra svo að nemendur uppfylli viðmið aðalnámskrár við útskrift úr grunnskóla.

Að undanförunu hefur á vegum Námsmatsstofnunar verið unnið að þróun rafrænna einstaklingsmiðaðra prófa. Til þess að skapa svigrúm til þess að slík próf verði tekin upp í grunnskólum er nú lagt til að lögð verði könnunarpróf í íslensku og stærðfræði fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla en ekki „samræmd próf samtímis“. Jafnframt er kveðið á um skyldu nemenda í 10. bekk til að þreyta könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Próf í öðrum greinum skuli halda samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra. Megintilgangur samræmdra prófa verður að afla upplýsinga um námsstöðu einstaklinga sem nýtast þeim við áframhaldandi nám en einnig er möguleiki að nýta niðurstöður prófanna til að meta árangur skólustarfs almennt.

[...] Í gildandi lögum eru valfrjáls samræmd próf í sex greinum í 10. bekk, þ.e. íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Mjög mikil gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd samræmdu lokaprófanna í grunnskóla og er hún m.a. komin til vegna þess hversu mörg ólík hlutverk prófin hafa haft, þ.e. þau eru bæði lokapróf í ákveðnum greinum sem hafa áhrif á innritun í framhaldsskóla og veita upplýsingar almennt um hversu vel markmiðum

aðalnámskrám hefur verið náð og einstakir skólar hafa verið metnir út frá einkunnum skólans á samræmdum prófum. Prófin hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að stýra um of skólastarfi, að aðeins sé prófað í bóklegum greinum og þeim atriðum sem auðvelt er að meta o.s.frv. Erfitt hefur verið að uppfylla öll þessi markmið með prófunum. Hins vegar er samstaða um að einhvers konar samræmt námsmat sé æskilegt í grunnskólum, þ.e. að nemandinn eigi rétt á því að fá kunnáttu sína metna. Þótt samræmdu lokaprófin hafi verið valfrjáls í grunnskóla hafa langflestir nemendur tekið próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Því þykir rétt að lögbinda könnunarpróf í þessum greinum í fyrri hluta 10. bekkjar, ekki síst til að unnt sé að fylgjast með framförum nemenda allt frá 4. bekk. Hér er miðað við að prófin séu haldin svo tímanlega í 10. bekk að nemendur, kennarar og skólar hafi tíma til þess að bæta það sem ekki er ásætlanlegt áður en grunnskólanáminu lýkur. Þetta hefur þær afleiðingar að lokaprófshlutverk 10. bekkjar prófanna hverfur og þyrfti sú áhersla að endurspeglast í reglugerð.

Framkvæmd prófanna gæti breyst með tilkomu tölvustuddra einstaklingsmiðaðra prófa og lagt er til að unnið verði að þróun slíks prófakerfis eins og þegar er í uppbyggingu í Danmörku og víðar. Ekki þykir ástæða til að lögbinda könnunarpróf árlega í fleiri greinum en menntamálaráðherra hefur heimild til að ákveða próf með reglugerð og getur framkvæmdin og fyrirkomulagið verið breytilegt eftir árum. Hér er hugsunin sú að aðrar greinar, svo sem náttúrufræði, samfélagsfræði, danska og aðrar greinar, verði prófaðar með ákveðnu árabili, t.d. á tveggja til þriggja ára fresti, og að inn í þau próf verði byggður hluti sem metur breytingar frá einum tíma til annars. Alltaf verði lögð fyrir könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku í fyrri hluta 10. bekkjar.“

Í lögum um grunnskóla sem tóku gildi á Alþingi sumarið 2008 er því kveðið á um breytingar á samræmdum prófum í grunnskólum. Könnunarpróf skulu nú haldin í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmd könnunarpróf á unglíngastigi, þ.e. 8.–10. bekk, í íslensku, stærðfræði og ensku. Í 39. gr. laganna segir að nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skuli þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði. Þessi próf teljast ekki lengur vera lokapróf í grunnskóla líkt og þau samræmdu próf sem áður voru lögð fyrir í 10. bekk. Megintilgangur

samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum áður en grunnskólanámi lýkur. Samræmd könnunarpróf liggja ekki lengur til grundvallar inntöku nemenda í framhaldsskóla. Þau urðu sambærileg þeim sem tíðkast hafa í 4. og 7. bekk. Hvorki eru haldin sjúkrapróf né skipaðir trúnaðarmenn eins og áður var við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk fyrir breytinguna.

Reglugerð 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla var sett á grundvelli laganna frá 2008. Haldin voru próf í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og að auki í ensku í 10. bekk. Prófin áttu að vera markmiðsbundin líkt og áður en einnig leiðbeinandi og upplýsandi. Ekki var gert ráð fyrir að prófin væru inntökupróf í framhaldsskóla. Reglugerð nr. 435/2009 var í gildi til ársins 2017 en þá tók við *reglugerð nr. 173/2017* um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla. Reglugerðin var sett í kjölfar aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013.

Reglugerðin kveður á um að halda skuli próf í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Prófin eiga að vera hæfnimiðuð, leiðbeinandi og upplýsandi. Prófin byggja á námsmarkmiðum sem eru tilgreind í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er bent á að sveigjanleiki sé mikilvægur og að hver skóli þurfi að móta eigin stefnu og velja árangursríkar leiðir, fjölbreytt viðfangsefni og kennsluaðferðir við hæfi. Hlutverk grunnskóla sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi í samvinnu við heimilin. Allt frá upphafi skólagöngu eigi að miðast við að nemendur í lok grunnskólans hafi öðlast sjálfstraust og öryggi, kunni að læra, hafi kjark til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða, geti unnið með öðrum og kunni að tjá sig skýrt og skilmerkilega í töluðu og rituðu máli. Nemendur eiga að fá viðfangsefni í samræmi við getu, þarfir, þroska, hæfileika og áhuga, þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlast hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra. Stuðla á að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Áhersla er lögð á fjölbreytni í vinnubrögðum og vandaðar og árangursríkar kennsluaðferðir sem „efla með nemendum námfýsi og vinnugleði“ (bls. 15). Skil-

greindur tilgangur samræmdra könnunarprófa í dag (sbr. reglugerð nr. 173/2017) er að veita nemendum, foreldrum/forsjáraðilum og kennurum upplýsingar um stöðu nemenda í viðkomandi námsgreinum auk þess sem þeim er ætlað ákveðið hlutverk við mat á skólakerfni. Helsti munurinn á þessum prófum og öðru námsmati er sá að hægt er að meta stöðu nemenda í öðru samhengi en það sem námsmat innan skóla getur gert vegna þess að samræmdu könnunarprófin meta stöðu hvers nemanda í *samanburði við jafnaldra nemandans á landinu öllu* – enda tekin á sama tíma, með sama hætti og við sambærilegar aðstæður.

Viðauki VI: Lög og reglugerðir um samræmd próf – yfirlit

a) Samræmd próf í grunnskóla

1. *Lög um grunnskóla nr. 66/1995.* Þar segir að halda skuli samræmd próf í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk og að við lok grunnskóla skuli leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Löggin kveða ekki á um í hvaða námsgreinum skuli prófað.
2. *Reglugerð nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.* Samræmd próf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekkjum. Reglugerðin kveður á um að samræmd lokapróf skulu haldin í 10. bekk í a.m.k. fjórum námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Öll prófin eru skylda. Skipaðir eru trúnaðarmenn til leggja prófin fyrir í skólunum.
3. *Í desember 1999 var gerð breyting á lögum um grunnskóla frá 1995.* Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðaðist svo: „Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.“ Markmið prófanna er að:
 - veita nemendum og foreldrum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemandans,
 - athuga hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi grein hafi verið náð og
 - vera viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi brautir í framhaldsskólum.
4. *Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.* Reglugerðin, sem nú er brottfallin, er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og gildir um innritun í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2001–2002. Í henni er kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist vegna inntöku nemenda á tiltekna námsbrautir framhaldsskóla. Inntökuskilyrði eiga að stuðla að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Inntökuskilyrði miðast við námsárangur á samræmdum lokaprófum og við skólaeinkunnir við lok grunnskóla. Er þá undir nemendum sjálfum komið hvort þeir taka samræmd próf eða ekki. Það ræðst síðan af því hvaða próf þeir taka og árangri þeirra á prófunum hvaða námsbrautir í framhaldsskóla þeir geta valið.
5. *Reglugerð nr. 415/2000 fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla.* Samræmd próf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í öllum 4. og 7. bekkjum. Prófin eru markmiðsbundin.
6. *Reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.* Prófin í 10. bekk eru valfrjáls. Samræmd lokapróf skal halda í 10. bekk í a.m.k. sex námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Þau eru leiðbeinandi fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla. Prófin eru markmiðsbundin, þ.e. þeim er ætlað að meta hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf er til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemandans, hvort breyta þyrfti áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver eru gæði menntunar.

Vorið 2001 eru valfrjáls samræmd próf haldin í fyrsta skipti. Prófað er í fjórum greinum; íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Samræmt próf í náttúrufræði bætist síðan við vorið 2002 og samræmt próf í samfélagsgreinum vorið 2003. Þrátt fyrir að samræmd próf í 10. bekk séu valfrjáls velja flestir nemendur að þreyta sem flest próf. Árlega þreyta yfir 90% þeirra samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði, yfir 70% taka í dönskuprófið og milli 50 og 60% taka í samfélagsfræði og náttúrufræði. Samræmd próf í 10. bekk eru viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla.

7. *2008 Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.* Í lögnum er kveðið á um breytingar á samræmdum prófum í grunnskólum. Könnunarpróf skal nú halda í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmd könnunarpróf á unglingastigi, þ.e. 8.–10. bekk, í íslensku, stærðfræði og ensku. Í 39. gr. segir að nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skuli þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði. Þessi próf teljast ekki lengur vera lokapróf í grunnskóla líkt og þau samræmdu próf sem áður voru lögð fyrir í 10. bekk. Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum áður en grunnskólanámi lýkur. Samræmd könnunarpróf liggja ekki lengur til grundvallar inntöku nemenda í framhaldsskóla. Þau urðu sambærileg þeim sem tíðkast hafa í 4. og 7. bekk. Hvorki eru haldin sjúkrapróf né skipaðir trúnaðarmenn eins og við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk fyrir breytinguna.
8. *Reglugerð 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.* Haldin voru próf í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og að auki í ensku í 10. bekk. Prófin áttu að vera markmiðsbundin líkt og áður en einnig leiðbeinandi og upplýsandi.
9. *Reglugerð 173/2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla.* Reglugerðin kveður á um að halda skuli próf í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Prófin eiga að nú að vera hæfnimiðuð, en ekki eingöngu markmiðsbundin eins og áður, og einnig leiðbeinandi og upplýsandi. Prófin byggja á námsmarkmiðum sem eru tilgreind í aðalnámskrá. Aðalnámskrá leggur áherslu á kunnáttu, leikni og hæfni nemenda en ekki ákveðin afmörkuð efnisatriði.

b) Samræmd próf í framhaldsskóla

1. *Lög 80/1996. Ákvæði 24. gr. og ákvæði I til bráðabirgða og lög um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum*

en þar segir í 4. gr.: „Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Stúdentspróf skulu vera samræmd í tilteknum greinum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra.“

2. *Reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.* Samræmd stúdentspróf skulu haldin í íslensku og stærðfræði tvisvar á ári og ráðherra getur einnig lagt fyrir samræmt stúdentspróf í samfélagsgreinum og náttúrufræði. Prófin skulu haldin tvisvar á ári á prófatíma framhaldsskóla í maí og desember. Vegna andstöðu kennara og nemenda eru prófin aðeins lögð fyrir einu sinni. (Brottfallin með reglugerð 364/2006.)
3. *Reglugerð 364/2006 um afnám reglugerðar nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum og reglugerðar nr. 453/2005 um breytingu á reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.*
4. *Lög 92/2008 um framhaldsskóla.* Í 30. gr. laganna um námsmat er ákvæði um könnunarpróf sem aldrei hefur komið til framkvæmda. Þar segir að almennt námsmat í framhaldsskóla sé í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Þar segir einnig að „þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendum í framhaldsskólum. Sú reglugerð hefur ekki verið skrifuð.“

Viðauki VII: Gestir á fundum starfshóps

Ungmennni


Benedikt Aron Sigurþórsson
Eyrún Eyfjörð Svanþórsdóttir
Gerður Ævarsdóttir
Guðrún Blöndal
Helga Margrét Ólafsdóttir
Hermann Gunnar Gunnarsson
Hildur Reykdal Snorradóttir
Inga Huld Ármann
Jón Björgvin Steinsson
Lilja Ragnheiður Einarsdóttir
Magnús Stephensen
Margrét Snorradóttir
Rakel Sól Pétursdóttir
Rebekka Marteinsdóttir
Svava Björg Sigurgeirsdóttir
Þorbjörn Rami Aaaro Jouhki
Þórdís Ösp Melsted
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Aðrir

Amalía Björnsdóttir
Arnar Björnsson
Arnór Guðmundsson
Auður Bjarnadóttir
Berglind Kristjánsdóttir
Björn Kristjánsson
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Elsa Eiríksdóttir
Elsa Herjólfsdóttir Skogland
Erla I. Pálsdóttir
Fanneý Snorradóttir
Guðlaug Sturlaugsdóttir
Guðni Olgeirsson
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir
Hildur Ingvaradóttir
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir

Hulda Proppé
Inga Úlfisdóttir
Ingi Ólafsson
Ingvar Sigurgeirsson
Jóhann Gunnarsson
Jón Pétur Zimsen
Jóna Benediktsdóttir
Karl Frímannsson
Klara Finnbogadóttir
Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Kristín Jóhannesdóttir
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Lilja Ragnheiður Snorradóttir
Magnús J. Magnússon
Magnús Þór Jónsson
Margrét Snorradóttir
Ómar Örn Magnússon
Ragnar Þór Pétursson
Ragnheiður Hermannsdóttir
Rúnar Sigþórsson
Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Sigrún Edda Eðvaldsdóttir
Sigurður Konráðsson
Sigurgímur Skúlason
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir
Silja Kristjánsdóttir
Stella Hallsdóttir
Valgerður Freyja Ágústsdóttir
Valgerður Janusdóttir
Vígfús Hallgrímsson
Þóra Rósa Geirsdóttir
Ýr Þórðardóttir
Þorgerður L. Diðriksdóttir
Þorlákur Axel Jónsson
Þorsteinn Hjartarson
Þorsteinn Sæberg

Viðauki VIII: Dæmi um námsmatsramma



Mynd 3. Námsmatsrammi Cambridge Assessment sýnir feril ytra námsmats í Englandi.

